



# FRÉTTABLAÐIÐ



Stelpurnar okkar þökkðu íslenskum áhorfendum stuðninginn í Rotherham í gær en þær eru nú á heimleið af Evrópumótinu eftir 1-1 jafntefli gegn Frökkum. Vítaspyrnumark Dagnýjar Brynjarsdóttur reyndist síðasta snerting Íslands á Evrópumótinu en okkar konur fara af EM ósigraðar en Belgar skildu Íslendingana eftir með sigri á Ítölum. SJÁ SÍÐU 12.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Telur orðspor landsins í hættu vegna Mílu

Formaður umhverfis- og samgöngunefndar hefur áhyggjur af orðspori Íslands ef kaup Ardian á Mílu fara út um þúfur. Hann segir Samkeppniseftirlitið standa í vegi fyrir aukinni samkeppni. Kaup franska fyrirtækisins á Mílu eru í uppnami eftir að skilyrði eftirlitsins voru metin of íþyngjandi.

ggunnars@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Í október síðastliðnum var tilkynnt að franskri fjárfestingasjóðurinn Ardian hefði samið við Símann um kaup á Mílu, sem á og rekur innviði fjarskipta á Íslandi. Andvirði viðskiptanna er 78 milljarðar króna

en kaupsamningur kvað á um fyrirvara Samkeppniseftirlitsins.

Eftir átta mánaða yfirlegu greindi Samkeppniseftirlitið svo forsvarsmönnum Ardian frá því í síðustu viku að ekkert gæti orðið af samrunanum ef tiltekin skilyrði, sem lúta að viðskiptasambandi Símans og Mílu, væru ekki uppfyllt.

Ardian tilkynnti Símanum í kjölfarið að umrædd skilyrði væru of íþyngjandi til að salan gæti gengið í gegn og semja þyrfti að nýju um kaupin.

Vilhjálmur Árnason, þingmaður Sjálfstæðisflokksins og formaður umhverfis- og samgöngunefndar, segir þessi tíðindi koma sér verulega á óvart. Hann segist vona að rök Samkeppniseftirlitsins séu nægilega



Vilhjálmur Árnason, formaður umhverfis- og samgöngunefndar

sterk til að réttlæta óvissuna sem nú hefur skapast.

„Þetta eru viðskipti sem allir hafa talið til mikilla hagsbóta fyrir neytendur og nauðsynlega uppbyggingu fjarskiptainnviða. Þetta er sérstakt mál og alveg ljóst að rök Samkeppniseftirlitsins fyrir þessum skilyrðum verða að vera mjög sterk.“

Vilhjálmur segist hafa áhyggjur af

þeim áhrifum sem málið kunnir að hafa á orðspor landsins. „Hér hefur verið lögð gríðarleg vinna í að gera Ísland að álitlegum fjárfestingarkosti. Þessar flækjur geta hæglega grafið undan þeirri vinnu.“

Að sögn Vilhjálms er málið ekki síður sérstakt í ljósi þeirrar umræðu sem átti sér stað í þinginu síðasta vetur.

„Við erum nýbúin að samþykkja lög um fjarskipti þar sem var alger samstaða um þá evrópsku fyrirmynd sem fjárfestingar Ardian byggja á. Þar að auki liggur fyrir samningur á milli Mílu og stjórnvalda um þá þætti sem lúta að þjóðaröryggi.“

Ég verð að segja að maður áttar sig ekki á hvaða skilyrði þetta eru sem

eftirlitið er að setja fram,“ segir Vilhjálmur.

Ardian er einn stærsti fjárfestingasjóður sinnar tegundar í Evrópu. Sérfræðingar á sviði fjarskipta, sem Fréttablaðið ræddi við, telja verulegar líkur á að Ardian hætti við kaupin á Mílu. Annars vegar vegna skilyrða Samkeppniseftirlitsins en einnig vegna ástandsins í Evrópu.

Eftir að stríð braust út í Úkraínu hefur fjárfestingaþörf í mikilvægum innviðum stóraukist um alla álfuna. Við slíkar aðstæður er talið ólíklegt að franskri sjóðurinn sé reiðubúinn að ganga á eftir samningum um kaup á fjarskiptainnviðum hér á landi. Forsendur hafi breyst og fjárfestingaþörf stóraukist á mun stærri markaðssvæðum. ■

### Er bíllinn klár í ferðalagið?



Kíktu inn á vefverslun Heklu sem er alltaf opin [www.hekla.is](http://www.hekla.is)



**H** Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk.





## Fleiri smitast oftur Úti á Þúfu

odduraevar@frettabladid.is

**COVID-19** Meira er um að fólk smitist aftur af kórónaveirunni sem veldur Covid-19 nú um mundir en áður, að sögn Þórólfs Guðnasonar sóttvarnalæknis. Dæmi eru um að fólk, sem hafi jafnvel smitast tvisvar áður, smitist nú í þriðja skiptið af veirunni.



Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir

„Við sjáum að sérstaklega þeir sem smitast fyrsta sinn á árinu 2020 og 2021 eru meira að endursmitast núna, það er allt upp í 20 prósent af þeim sem fara í opinber próf, sérstaklega núna upp á síðkastið,“ segir Þórólfur.

Ný undirafbrigði af Omikron-afbrigðinu ganga nú um heiminn. Nýjasta afbrigðið, BA5, er talið sérstaklega smitandi. Þórólfur segir hins vegar að endursmit séu almennt ekki eins alvarleg og fyrri smit.

„Eftir því sem fólk smitast oftur ættu einkennin að vera vægari,“ segir Þórólfur. Aðspurður segist hann rölegur þrátt fyrir nýjustu vendingar í faraldrinum en þó á varðbergi. ■



Reglubundið viðhald stendur nú yfir á Þúfu Ólafar Nordal úti á Granda. Þúfan, sem sést víða að úr borginni, er umhverfislistaverk sem sést víða að úr borginni og er vinsæll viðkomustaður ferðamanna í Reykjavík. Þúfa er hins vegar berskjölduð fyrir ágangi náttúrunnar og hefur áður skemmt vegna vatnsveðurs. Þess vegna þarf reglulega að lagfæra hana og halda henni við. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Mikið af melatónín ólöglega flutt inn

ser@frettabladid.is

**VIÐSKIPTI** Innflutningur á fæðubótarefnum sem innihalda melatónín, sem bannað er á Íslandi, hefur stöðugt aukist hér á landi, einkum frá Spáni, Ítalíu og Póllandi.

Matvælastofnun vekur athygli á þessu á vef sínum, en augljóst sé að almenningur viti ekki að hann er að koma með ólöglega vöru inn til landsins. Hérlandis sé efnið flokkað sem lyf og því beri tollayfirvöldum að leggja hald á allt fæðubótarefni með melatóníni sem flutt er til landsins.

Melatónín er virkt efni í ýmsum lyfjum, en frá náttúrunnar hendi hefur það róandi áhrif og framleiðir líkaminn það einkum til að auðvelda fólki svefn.

Lyfið er lyfseðilsskyt hér á landi, ólíkt mörgum nágrannalöndum, í sumum Evrópulöndum og í Bandaríkjunum þar sem fæðubótarefni með melatóníni er leyfilegt.



Lyfið er lyfseðilsskyt hér á landi, ólíkt mörgum nágrannalöndum.

Stofnunin segir þá staðreynd að melatónín sé fánlegt löglega sem fæðubótarefni annars staðar í Evrópu, til dæmis á Spáni, Ítalíu og í Póllandi, hafa valdið því að innflutningur á vörum sem innihalda melatónín hefur stöðugt aukist, en það endurspeglar í því mikla magni sem tollgæsla hefur lagt hald á.

Vegna alls þessa misskilnings um hvort efnið sé löglegt eða ekki á Íslandi hefur Matvælastofnun nú óskað eftir álitum Lyfjastofnunar um hvort melatónín skuli flokkað áfram sem lyf hérlandis, eða hvort ástæða sé til að endurskoða þær reglur. ■

## Hillurnar í matvörubúðinni á Mývatni margar galtómar

Mikil umferð ferðamanna leiðir til þess að neytendur geta átt erfitt með að nálgast dagvörur. Miklar sveiflur í rekstri í Mývatnssveit.

bth@frettabladid.is

**VERSLUN** Fjöl margar hillur urðu galtómar í fyrradag í Krambúðinni í Reykjavíki í Mývatnssveit, einu matvörubúðinni í sveitinni. Hvert einasta brauð seldist upp, hver einasta samloka, nánast hver einasti ávaxtadrykkur ef undan eru skildar stærstu einingar. Þannig mætti lengi telja.

Ástandið má að sögn starfsmanna búðarinnar rekja til þess að Íslendingar voru á faraldsfæti í sveitinni í miklum mæli. Kom sú umferð til vegna góðrar veðurspár ofan á mikinn flaum erlendra ferðamanna.

„Ef hópur fer hér um og leiðsögu maður kaupir kannski 40 brauð á leið upp á hálandið hlýtur að skapast ástand,“ segir starfsmaður Krambúðarinnar.

Heimamenn segja þetta ástand mikil umskipti eftir hin mögru Covid-ár. Starfsfólkið þurfi að panta sumar vörur með löngum fyrirvara. Þótt vöruskorturinn um helgina hafi verið sögulegur sé hann ekki algjört einsdæmi.

„Það getur verið ansi flókið að panta inn hæfilegt magn af vörum þegar sveiflurnar eru svona rosalegar, ekki síst milli vetrar og sumars,“ segir Steingrímur Jóhannesson verslunarstjóri.

Starfsmenn búðarinnar útskýrðu einnig fyrir stóreygum kúnum að ein skýring þessa væri skortur á lagerplássi. Verslunin er ekki sérlega stór. Hún hefur aftur á móti stórt hlutverk í næringarkeðju þeirra sem búa í Mývatnssveit og eiga leið um. Ferðamenn frá Evrópu sem



Vöruskorturinn í Krambúðinni er ekki einsdæmi en fáheyður.

FRÉTTABLAÐIÐ/BJÖRN



Það getur verið ansi flókið að panta inn hæfilegt magn af vörum þegar sveiflurnar eru svona rosalegar.

Steingrímur Jóhannesson, verslunarstjóri



Þessi ferðamenn sneru tómhentir til baka en sögðu það ekki koma að sök.

Fréttablaðið ræddi við sögðu spennandi og framandi að koma í matvörubúð þar sem flest væri uppuríð, enda óvanir slíku frá eigin heimalöndum. ■

### AYJA - K129

3ja sæta, 2ja sæta og stóll. Margir litir af áklæði eða leðri.



Komið og skoðið úrvalið

**NYFORM**

HÚSGAGNAVERSLUN

Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is



19.07.2022

LISTASAFN REYKJAVÍKUR  
ART MUSEUM

# Erró 90 ára í dag Ókeypis á sýninguna

*Erró: Sprengikraftur  
mynda í Hafnarhúsi*  
á afmælisdaginn  
Verið velkomin!



listasafnreykjavikur.is  
artmuseum.is  
#listasafnreykjavikur  
#reykjavikartmuseum

Hafnarhús  
Tryggvagata 17  
101 Reykjavík  
Iceland

Opið daglega  
Frá 10.00 til 17.00  
Fimmtudaga  
Frá 10.00 til 22.00

AZTIQ



# Segir breytt starfsleyfi í fiskeldi ógna lífríki á Vestfjörðum

ser@frettabladid.is

**FISKELDI** Landeigandi í Örlygshöfn gagnrýnir harðlega nýteknar ákvörðun Umhverfisstofnunar um breytingar á starfsleyfi Arctic Sea Farm í Patreksfirði og Tálknafirði sem lýtur meðal annars að því að stytta hvíldartíma á þeim svæðum í fjörðunum þar sem eldið fer fram.

Landeigandinn, Marinó Thorlacius, gerði ítarlega athugasemd við

tillögu stofnunarinnar að breyttu starfsleyfi og gagnrýnir sérstaklega matsskýrsluákvörðun Skipulagsstofnunar, sem hann segir ekki vera rökstudda með nægjanlegum gögnum „og er meingölluð í nánast öllum atriðum“, segir í athugasemdinni.

Marinó telur annað fráleitt en að breytt starfsleyfi fiskeldisfyrirtækisins verði látið sæta umhverfismati, en sífelldar undanþágur hafi verið veittar af fyrra umhverfismati,


í þágu frekara fiskeldis í fjörðunum sem ógni í æ ríkari mæli lífríki á landareignum á svæðinu.

Ljóst sé að breytt starfsleyfi muni valda eitrunum út af Örlygshöfn og Tungurífi þar sem ljósar sandfjörur er að finna, en stofnanir á vegum ríkisins fari með því gegn dýravelferð og náttúruvernd á svæðinu.

Breytt starfsleyfi brjóti ekki einungis reglugerðir heldur fari það aukin heldur á svig við landslög. ■



Landeigandi óttast eitrunaráhrif frá fiskeldi í Örlygshöfn. FRÉTTABLAÐIÐ/EGILL



Frystihólf.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## Lokun frystihólfa verður sett á ís

gar@frettabladid.is

**RANGÁRÞING YTRA** Hætt hefur verið við það í bili að stöðva rekstur á frystihólfulum á vegum Rangárþings ytra. Ákveðið hafði verið að hætta rekstrinum í haust og láta notendur hólfa vita af því með góðum fyrirvara eða strax í upphafi þessa árs.

„Í ljósi þess að sú kynning hefur ekki farið fram, þá verður rekstri frystihólfa haldið áfram. Ljóst er að búnaðurinn er orðinn gamall og óvíst hversu lengi hann mun endast og því rekstraröryggi hólfa ekki tryggt,“ segir sveitarstjórnin, sem vill að tillaga um fyrirkomulag á rekstri frystihólfa verði rædd á næsta fundi byggðarráðs. ■

## ATHUGASEMD FRÁ RITSTJÓRA

Morgunblaðið flaggar um 40 ára blaðagrein minni á forsiðu um helgina þar sem ekki verður betur séð en að blaðið væni undirritaðan um að eigna sér ritverk annarra. Blaðið leggur sig fram um að segja ekki hvers eðlis umrædd grein er. Í lok hennar stendur skýrum stöfum að um samantekt sé að ræða, sem merkir að textabrotin eru ættuð héðan og þaðan. Undirritaður hefur upplifað ýmislegt á riflega 40 ára fjölmiðlaferli, en man vart eftir annarri eins fréttaburrð og þessi skrif endurspegla.

Sigmundur Ernir Rúnarsson

# Stjórnvöld hlusti á vísindamenn í áfengismálum en ekki þrýstihópa

Jafnvel „höfdrýkkja“ skaðar ungt fólk samkvæmt rannsókn. Prófessor á menntavísindasviði og yfirlæknir SÁÁ hvetja íslensk stjórnvöld til að byggja á vísindum en ekki þrýstingi frá hagsmunahópum í ákvörðunum um aukið aðgengi að áfengi.

bth@frettabladid.is

**LÝDHEILSA** Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vog, segir að niðurstöður stærstu rannsóknar til þessa sem birtar voru í vísindarit Lancet um að áfengisneysla sé að öllu leyti skaðleg ungu fólki, verði að vera uppi á borðinu þegar ákvarðanir séu teknar um aukið aðgengi að áfengi hér á landi. Í rannsókninni segir að lönd þurfi að grípa til sér-tækra ráðstafana svo draga megi úr áfengisneyslu ungs fólks.

Hér á landi hefur verið hávær umræða um hið þverstæða, að auka aðgengi að áfengi með netverslun og heimsendingarþjónustu. Valgerður segir að átak gegn unglíngadrykkju hafi skilað sér í færri vandamálum meðal ungmenna og færri innlögnum fólks undir 25 ára á Vog. Það gæti orðið skammgöður vermir ef öfl sem vilja stóraukið aðgengi að áfengi fái sínu framgengt.

„Áfengi er sérstaklega skaðlegt ungu fólki og við þurfum að vera meðvituð um skaðsemina. Aðgengi stýrir neyslu,“ segir Valgerður.

Meira umburðarlyndi var gagnvart áfengisneyslu ungra Íslendinga fyrr á árum en ekki má láta deigan síga að sögn Valgerðar.

„Áfengi er ekki eins og hver önnur neysluvara. Áfengisneysla er stærsta vímuevandamál heimsins,“ segir Valgerður og brýnir stjórnvöld



SÁÁ telur að brýning vísindanna til heimsbyggðarinnar um að skaðsemi áfengis hafi verið vanmetin eigi að hafa áhrif á aðgengi að áfengi hér á landi.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Valgerður Rúnarsdóttir, yfirlæknir á Vog

til að huga vel að næstu skrefum stefnumörkunar.

„Þessar áherslur í pólitíkinni, að auka aðgengi að áfengi, eru áhyggjuefni. Það væri betra að hlusta á vísindin en þrýstihópa er kemur að stefnumörkun stjórnvalda,“ segir Valgerður, sem fagnar brýningu um að ríki heims þurfi að bregðast við nýju niðurstöðunum um meiri skaðsemi áfengis en áður hafi verið talið. Samkvæmt rannsókninni er ekkert til sem kalla

mætti skaðlausa höfdrýkkju hjá fólki undir fertugu.

Ársæll Arnarsson, prófessor á menntavísindasviði Háskóla Íslands, hefur lengi haft umsjá með rannsóknum um unglíngadrykkju. Drykkja ungmenna hefur minnkað mikið síðustu áratugi og Ársæll tekur undir með yfirlækni SÁÁ að aukið aðgengi yrði mikið glapræði.

„Við þekkjum flest þetta tvöfalda viðhorf, að við horfum mildum augum á hugmyndina um humar og hvítvín á sama tíma og við þekkjum öll dæmi um hörmungar áfengisneyslu. Aukið aðgengi mun tvímælalaust skila sér í aukinni neyslu og auknum hörmungum,“ segir hann.

Ársæll segir að áfengisframleiðendur hafi sjálfir leynst á bak við tjöldin í rannsóknum um að



Allir sem starfa á lýðheilsuvængnum eru sammála um að það væri mikill afleikur að auka aðgengi að áfengi hér á landi.



Ársæll Arnarsson, prófessor við HÍ

höfdrýkkja kunni að vera heilsuþætandi. „Iðnaðurinn vill halda því að okkur að allir megi fá sér. En við vitum betur.“

Þótt flestir geti notað áfengi án skaða þurfi að huga að öllum hliðum. „Við höfum normaliserað ákveðna hegðun, að það sé jafnvel í lagi að missa hausinn við og við,“ segir Ársæll. „Auðvitað er það ekki í lagi og allir sem starfa á lýðheilsuvængnum eru sammála um að það væri mikill afleikur að auka aðgengi að áfengi hér á landi.“

1,3 milljarðar manna neyta áfengis með skaðlegum hætti samkvæmt rannsókninni í Lancet. Karlar eru í yfirgnæfandi meirihluta, meira en þrír af hverjum fjórum sem eiga í vanda eru karlar. Mestur skaði hlýst hjá körlum undir fertugu. ■

## RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid. Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

5 ÁRA ÁBYRGÐ 8 ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAFLÖÐUNNI PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!

ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300  
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA

Jeep

4xe  
PLUG-IN HYBRID

JEEP.IS • ISBAND.IS





*herra*  
**GARÐURINN**

*-klæðir þig vel*

KRINGLAN / SMÁRALIND

**COLLECTIONS**

Geirsgata 4 - 5194490 - við Hafnartorg

Nýjar vörur komnar í hús

ÚTSALA

**50%**

afsláttur  
af útsöluvörum

**ENGLABÖRNIN**

KRINGLUNNI

**Mathilda**

Kringlunni  
552 8600

**HANZ**

KRINGLUNNI  
567 0120

**BOSS**  
HUGO BOSS

BOSS - KONUR MENN KRINGLUNNI 533 4242





Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## NATO-aðild Svía og Finna í hættu

gar@frettabladid.is

**TYRKLAND** Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, segist nú munu frysta afgreiðslu umsókna Finna og Svía um aðild að NATO standi þjóðirnar tvær ekki við samkomulag frá því í júní.

Samkomulag Tyrkja, Finna og Svía, sem gert var í tengslum við leiðtogafund NATO í Madrid, leggur þá skyldu á herðar norrænu þjóðunum tveimur að starfa með Tyrkjum að málum sem tengjast hryðjuverkastarfsemi. Svíar og Finnar mega til dæmis ekki eiga í sambandi við kúrdísku samtökin YPG.

Erdogan vill að staðið verði við gefin loforð áður en tyrkneska þingið staðfestir aðild Svía og Finna. Það felur meðal annars í sér að Svíar verði að framselja 73 einstaklinga til Tyrklands. Svíar hafa sagt að óháðir dómstólar verði að leida mál hvers og eins til lykta. ■



Ursula von der Leyen ásamt Ilham Aliyev, forseta Aserbaísjans, í Bakú. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

## ESB snýr sér að Aserbaísjan vegna flutnings á gasi

thorgrimur@frettabladid.is

**ASERBAÍSJAN** Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skrifaði í gær undir samning við Aserbaísjan um að tvöfalda flutning á asersku jarðgasi til Evrópu fyrir árið 2027. Tilkynnt var um undirritun samningsins eftir heimsókn Ursulu von der Leyen, forseta framkvæmdastjórnarinnar, til asersku höfuðborgarinnar Bakú í gær.

Samkomulagið er liður í viðleitni ESB til að draga úr innflutningi rússneskra jarðefnaeldsneyta. Þessa stundina er ekki verið að dæla rússnesku jarðgasi til Þýskalands vegna viðgerða á Nord Stream 1-gasleiðslunni og óttast hefur verið að Rússar ákveði að opna ekki aftur fyrir gasflutning að þeim loknum.

„Í ljósi áframhaldandi vopnaveðingar Rússa á orkuforða sínum er aukin fjölbreytni í orkuinnflutningi forgangsráði okkar fyrir ESB,“ sagði framkvæmdastjórnin í yfirlýsingu á föstudaginn.

Samkvæmt samkomulaginu verður gasinnflutningur frá Aserbaísjan aukinn yfir fimmtán ára tímabil upp í 20 milljarða rúmmetra af gasi á ári. ■

## Hlaupið í hrauninu



Keppendur í Laugavegshlaupinu sjást hér klöngrast upp hraunið fyrir ofan Landmannalaugar. Arnar Pétursson var sigurvegari hlaupsins í karlaflokki í ár og Andrea Kolbeinsdóttir lenti í fyrsta sæti í kvennaflokki. Frimann Ari Ferdinandsson, framkvæmdastjóri Íþróttabandalags Reykjavíkur, segir hlaupið hafa gengið vel. „Allir komust heilir heim á endanum, sem var kannski mikilvægasta atriðið. Við höfðum áhyggjur af því að þetta yrði erfitt því veðurspá leit ekkert sérstaklega vel út. En þegar kom á laugardaginn leit þetta ágætlega út og var allt á áætluðum ræsingartíma.“

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Ihab verður fluttur úr landi á næstu dögum eftir eitt og hálf ár á Íslandi

Ihab Alhomrani er einn þeirra sem í lengdist á Íslandi vegna heimsfaraldursins og ríkisstjórnin hefur ákveðið að flytja úr landi. Hann langar að fá tækifæri til að sanna sig, vinna og taka þátt í íslensku samfélagi en verður fluttur til Grikklands.

ragnarjon@frettabladid.is

**FLÓTTAFÓLK** Ihab Alhomrani er 28 ára flóttamaður frá Írak. Hann hefur búið á Íslandi í eitt og hálf ár en hann er einn af þeim sem ríkisstjórn Íslands hefur ákveðið að flytja úr landi eftir að takmörkunum vegna Covid var aflétt. Tæplega 200 manns biða eftir að verða vísað úr landi eftir að brottvísanir hófust að nýju.

„Fyrir fimm dögum hringdi lögreglan í mig og sagði mér að ég þyrfti að fara aftur til Grikklands,“ segir Ihab, en það er landið sem hann dvaldi í áður en hann kom til Íslands. „Þeir sögðu að ég yrði fluttur úr landi eins fljótt og mögulegt er,“ segir hann.

„Áður hafði ég verið að vinna á hóteli í höfuðborginni, Bagdad, sem heitir Baghdad Hotel,“ segir Ihab en hótelið er nokkuð þekkt í Írak og var mikið notað af fjölmiðlafólki og hermönnum eftir innrásina í Írak árið 2003. Það hefur síðan þá orðið að eins konar tákni fyrir vestræn gildi.

„Ég lenti í vandræðum þegar allt starfsfólk hótelsins var handtekið af pólitískum ástæðum,“ segir Ihab sem flúði til Tyrklands. Eftir það lá leið hans til Grikklands og þaðan til Íslands. „Ég heyrði að þetta væri fríðsælt land og þess vegna ákvað ég



Ihab Alhomrani er 28 ára Íraki sem á nú von á því að vera sendur aftur til Grikklands eftir að hafa búið á Íslandi í eitt og hálf ár. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR

að koma hingað,“ segir hann.

Ihab hefur starfað víða í dvöl sinni á Íslandi en hann hefur að mestu verið sjálfboðaliði, meðal annars fyrir Rauða krossinn. „Síðan ég kom til Íslands hef ég verið að

vinna í sjálfum mér og safna mér reynslu. Ég er enn að læra tungumálið,“ segir hann en Ihab stundar nám í Dósaverksmiðjunni, sem er tungumálaskóli í Skeifunni. Þar getur erlent fólk lært íslensku og



Fyrir fimm dögum hringdi lögreglan í mig og sagði mér að ég þyrfti að fara aftur til Grikklands. Þeir sögðu að ég yrði fluttur úr landi eins fljótt og mögulegt er.

einnig fer fram kennsla um menningu og sögu Íslands hér á landi.

Ihab segir að ekkert biði hans í Grikklandi og segir hann aðstæður flóttamanna þar í landi mjög erfðar. „Ég bjó í tjaldi í flóttamannabúðum. Það var þangað til ég fékk pappíra sem staðfestu að ég væri flóttamaður. En það húsaskjól sem stendur fólki til boða þar er óboðlegt og það er allt of margt fólk í hverju húsi. Þannig að, að kaupa tjald var það eina sem ég gat gert,“ segir Ihab.

Aðspurður segir Ihab að hann langi ekkert frekar en að búa á Íslandi. „Mig langar að sanna mig og finna vinnu og mig langar að taka þátt í menningunni,“ segir hann en hann segir að ómögulegt sé fyrir sig að snúa aftur til heimalandsins. „Það yrði virkilega hættulegt fyrir mig að fara þangað aftur. Ríkisstjórnin í Írak gerir það sem henni sýnist og fylgir ekki lögum.“ ■



# HLEÐSLA ÍPRÓTTADRYKKUR







Það er ekki annað að gera en að hafa með sér blævæng í svona veðri.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Í breskum sumarhita

Bretar beita öllum tiltækum ráðum til að afbera hitann sem nú skellur á þeim af fullum þunga. Blævængir veita ekki nema stundarfro og kalda vatnið er öruggasti staðurinn. Þar sem það er ekki uppþornað.

thorgrimur@frettabladid.is

**BRETLAND** Rauð veðurviðvörðun vegna hitastigs tók gildi í fyrsta sinn í Bretlandi um miðnætti aðfaranótt mánudags. Hitastig hefur víða verið við fjörutíu gráður á Celsius og samkvæmt óformlegum hitamælingum vegfarenda hafa landsmet í

hita þegar verið slegin. Sums staðar hefur hitinn dregið óvæntan dík á eftir sér, til dæmis í Lutton, þar sem loka þurfti flugvelli í nokkra klukkutíma vegna bráðnandi malbiks á flugbrautinni. Hitabylgja er nú víðs vegar í Evrópu sem hefur valdið bæði þurrkum og eldsvoðum. ■



Í svona hita eru víftur nauðsynjavara og duga þó skammt.



Ungur drengur kælir sig í gosbrunni á götunni við Lundúnabru á föstudaginn.



Steikjandi hiti er í Lundúnum.



Maður gengur um á skraufurrum bakka áveitu Dowryvatnsbólsins við Oldham.



# NÝR RENAULT MEGANE E-TECH

100% rafmagn



**Hrein hönnun**  
**Hrein tækni**  
**Hrein tilfinning**

Nýr og spennandi Renault Megane E-Tech er mættur! 100% rafbíll með allt að 470 kílómetra drægni\*. Hrein hönnun, hrein tækni og hrein tilfinning í rúmgóðum og snjallvæddum bíl sem er tilbúinn að flytja þig inn í framtíðina.

Verð frá: **5.390.000 kr.**

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
www.bilak.is  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
www.bva.is  
470 5070

BL söluumboð  
Vestmannaeyjum  
481 1313  
862 2516

Bílasala Reykjaness  
Reykjanesbæ  
www.bilasalareykjaness.is  
419 1881

**OPIÐ Í DAG**  
**FRÁ 12-16**

**BL ehf**  
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík  
525 8000 / www.bl.is





# Það þorir enginn



Elin Hirst  
elinhirst  
@frettabladid.is

Mörgum er minnisstætt þegar frændurnir Kristján Vilhelms-son og Þorsteinn Már Baldvins-son keyptu lítið útgerðarfyrirtæki í Grindavík árið 1983 sem hét Samherji. Fyrirtækið átti einn ísfisktogara, Guðstein GK. Þessir stórhuga ungu menn fluttu Samherja norður og Guðsteini GK var gefið nafnið Akureyrin EA.

Skipið var ekkert auginnandi, bæði ryðgað og skítugt, en fólk dáðist að þessum duglegu mönnum. Þetta var upphafið að risafyrirtækinu Samherja sem nú er orðið svo fyrirferðarmikið í íslenskum sjávarútvegi að nauðsynlegt er orðið að stjórnvöld grípi í taumana. Þróunin hefur orðið sú að sjávarauðlind þjóðarinnar er komin á alltof fáar hendur. Gríðarleg auðsöfnun gengur nú kynslóða á milli, eins og ekkert sé eðlilegra.

En íslenskir stjórnáamenn virðast ekki hafa döngun í sér til að tryggja nauðsynlegar úrbætur. Endalausar skýrslur eru skrifaðar. Nefndir og starfshópar settar á laggirnar sem því miður lykta af því að stjórnáamenn hafi ekki pólitískan kjark eða þor til að taka á málinu; að hækka veiðigjöld, setja lög sem koma í veg fyrir of mikla samþjöppun og setja á útgönguskatt að norskri fyrirmynd, svo eitthvað sé nefnt.

Hver skyldi ástæðan vera fyrir þessu dugleysi? Getur það verið að stjórnáamflakkar á Íslandi séu orðnir of háðir stórfyrirtækjum í sjávarútvegi? Að ítök eigenda þeirra séu orðin svo mikil vegna fjárhagslegra hagsmuna, atvinnu, vinnutengsla og frændsemi að enginn treysti sér lengur til þess að stíga niður fæti?

Margir halda að eignarhald í sjávarútvegi á Íslandi sé býsna dreift en í raun og veru er það ekki þannig. Krosssegnatengsl gera þetta að verkum, en reglur um tengd fyrirtæki í sjávarútvegi eru miklu rýmri en til dæmis í fjármála-fyrirtækjum. Hvers vegna?

Gangi kaup Sildarvinnslunnar á Visi eftir ræður félagið yfir um 13 prósentum af öllum fiskveiðiheimildum í landinu. Ef lagðar eru saman fiskveiðiheimildir Samherja, þá eru 25 prósent fiskveiðiheimilda á Íslandi komin á hendur Samherja eða fyrirtækja sem tengjast Samherja.

Íslenskur sjávarútvegur er í dag blómleg atvinnugrein. Fiskur veiddur á Íslandsmiðum er afar eftirsótt vara erlendis. Það er glæsilegt fyrir samfélagið. En því miður virðist það hafa gleymst að eigendur auðlindarinnar eru íslenska þjóðin en ekki kvótakóngarnir. Mörg helstu fyrirtækin í sjávarútvegi í dag skila ofurhagnaði, en arðurinn skilar sér alls ekki í eðlilegu hlutfalli til réttra eigenda af því að stjórnáamenn þora ekki. ■

Gríðarleg auðsöfnun gengur nú kynslóða á milli, eins og ekkert sé eðlilegra.

## ■ Halldór



## ■ Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

### Skilti

Skiltamenning Íslendinga er nokkuð sér á báti, en það sést einna best úti í umferðinni þar sem vegfarendum er vísuð leiðin á milli bæjarhluta og byggðarlaga. Fyrir útlendinga getur þetta verið nokkur ráðgáta, svo sem þegar þeir eru að aka út úr Mosfellsbæ, á leiðinni út á Vesturland, en þá bregður allt í einu fyrir skilti þar sem stendur skýrum stöfum: Reykjavík, þótt fram undan megi aðeins líta nokkra verksmíðjuskúra og enn lengra sveitabæi undir Esjurótum. Það má eiginlega heyra það hvernig útlendingarnir klóra sér í hausnum við þetta skilti.

### Tún

Jafnvel bara fyrir utanbæjarfólk geta skiltin í Reykjavík verið ruglingsleg. Lengi vel stóð skilti við enda Ártúnsbrekkunnar með orðunum: Hamrar, Foldir, Rimar, en sveitafólkið af landsbyggðinni, sem ætlaði sér nú bara að aka í Grafarvog, hefur væntanlega ratað í veggvillur á þeim slóðum. Ekki síður en þeir sem ætluðu í Garðabæ á árum áður, en á eina skiltinu sem vísaði þangað, stóð löngum bara: Tún. Svo eru flugstöðvarskiltin á horni Miklu-brautar og Kringlumýrarbrautar klassísk, svo áþekkt raunar að enn streyma útlendingar, sem eru að fara í Leifsstöð, út á Reykjavíkurflogvöll – og öfugt. ■

## Ökuleiðsögumenn krefjast stefnu í ferðaþjónustu



Jakob S. Jónsson  
leiðsögumaður  
og stjórnarmaður  
í Félagi ökuleiðsögumanna

Nýstofnað Félag ökuleiðsögumanna vill vekja athygli stjórnvalda og almennings á mikilvægi vandaðrar og faglegrar ferðaþjónustu. Tilefnið til slíkrar vakningar gafst fyrir fáum dögum og rataði í fjölmiðla eins og margt miður heppilegt ævintýri sem okkar ágætu ferðamenn lenda í.

Í viðtali í Sumarmálum Ríkisútvarpsins á Rás 1 við fjallaleiðsögumanninn Hjalta Björnsson mátti heyra um hrakfarir hóps erlendra ferðamanna nálægt Landmannalaugum. Hópurinn hafði ætlað sér í gönguferð um fagurt og hrífandi hálendið, þegar veður gerðist vont og kalt, augljóslega erlendum leiðsögumanni hópsins að óvörum.

En ekki var nóg að hinn erlendi leiðsögumaður léti veðrið koma sér á óvart – vegna vanþekkingar og reynsluleysis var hann á engan hátt undir það búinn að leiða hóp um hálendið. Fólk í hópnum hans var illa búið og vanbúið, einn ferðamannanna orðinn meðvitundarlaus af kulda, en snór viðbrögð íslenskra fjallaleiðsögumanna urðu til þess að ekki fór verr. Hinn erlendi leiðsögumaður – ef leiðsögumann skyldi kalla! – var hjálparlaus og ekki fær um að sinna því fólki sem hann bar ábyrgð á.

Hvenær ætla íslensk stjórnvöld að marka sér stefnu í ferðamálaum þannig að gerðar verði þær lágmarkskröfur til ferðaþjónustufyrirtækja að þau leiki sér ekki að því að stofna öryggi ferðamanna í vöða með því að ráða til starfa leiðsögumenn sem fara um hálendi Íslands án þess að þekkja til aðstæðna eins og þær geta verstar gerst, jafnvel á sólríkum sumardegum?

Sögur af hrakförum erlendra ferðamanna rata reglulega í fjölmiðla. En það er tími til kominn að stjórnvöld gyrði sig í brók og móti stefnu um öryggi ferðamanna á Íslandi. Sú stefna verður að byggja á faglegrri þekkingu og reynslu, sem aðeins fæst með því að gengið verði frá viðurkenningu á Evrópuastaðli um nám leiðsögumanna að viðbættum séríslenskum þáttum sem varða öryggismál, náttúruvernd og neytendavernd. ■

En það er tími til kominn að stjórnvöld gyrði sig í brók og móti stefnu um öryggi ferðamanna á Íslandi.

ILVA

# ÚTSÖLULOK

## ALLT AÐ

# 70% AFSLÁTTUR

KAUPTÚN 1, GARÐABÆR | NORÐURTORG, AKUREYRI | ILVA.IS



# Eflum álfuna okkar, Evrópu, barnanna okkar vegna



**Ole Anton Bieltvedt**  
samfélagsrýnir og  
dýraverndarsinni

Fyrir 100 árum voru jarðarbúar 2 milljarðar. Voru Evrópubúar, er þar átt við vestari hlutann, 500 milljónir. 25% jarðarbúa. Verulegur hluti.

Nú eru þessar tölur 7,5 milljarðar jarðarbúa, en Evrópubúum hefur ekki fjölgað. Eru enn 500 milljónir. Hlutfallið er komið niður í 7%.

Um næstu aldamót er talið, að jarðarbúar verði komnir í 11-12 milljarða, en ekki er búizt við að Evrópubúum fjölgi. Þeir verða því aðeins 4% jarðarbúa um næstu aldamót.

Á sama tíma er Evrópa miðstöð góðs siðferðis, mannréttinda, virðingar við jörðina, velferðar, frelsis og öryggis. Er ljóst að margur maðurinn í Asíu, Afríku eða Suður-Ameríku muni renna hýru auga til Evrópu og þeirrar farsældar og þess öryggis, sem hér má finna, á komandi áratugum.

Þessi staða er nú þegar komin upp í formi flóttamanna frá Mið-Austurlöndum, Asíu og Afríku, svo að ekki sé talað um Úkraínnumenn, sem reyndar eru að flýja innan Evrópu, en vilja ekkert frekar en verða hluti af hinni eiginlegu Evrópu, ESB.

Enn eru þetta mest einstaklingar, sem eru að flýja stríðshörmungar, atvinnuleysi, fátækt, vonleysi og ófrelsi. Ekki öflug lið eða skipulegar fylkingar trúarhópa eða ársargjarnra þjóða eða kynþátta.

Mannkynssagan einkennist af baráttu um auðæfi, land og kosti þess, völd og trúarbrögð. Þrátt fyrir vitleitni til samskipta og samstarfs á grundvelli skilnings og samhjálpar, er hætt við að mannkynssagan endurtaki sig.

Eitt er sjálfsbjargarhvöt manna og leit að betra lífi, annað er valda- og yfirráðasókn valdagraðugra þjóðarleiðtoga og ofstækisfullra trúarleiðtoga í heimi dvínandi lífsgæða. Þúttinnar framtíðarinnar.

**Höldum vöku fyrir börnin okkar** Það væri ótrúleg grunnhyggja ef við, Evrópubúar, héldum að við gætum setið að mannréttindum okkar, allsnægtum og öryggi, í ró og friði, meðan aðrir hlutar mannkyns svelta, liða og þjást, og, að þeir, sem eiga undir högg að sækja, muni einfaldlega nema staðar við línu á landakortinu.

Til eru þeir menn, sem halda að Evrópa sé bezt komin í uppskiptingu og ágreiningi. Það er hryggilegt, að líka íslenzkir forystumenn skuli, vegna þjóðernishyggju sinnar og einstrengingsháttar, aðhyllast og beinlínis styðja þessi sjónarmið og tilraunir til niðurrifs og uppskiptingar Evrópu.

Brexit-sinnar, sem fyrir mér eru upplausnar- og niðurrifsmenn, eru hér alls staðar á ferð. Líka á Alþingi.

Skyldu þeir skilja ábyrgð sína og hugleiða velferð og öryggi barna sinna? Heimóttarskapur er erfiður andstæðingur.

## Sterk Evrópa og aðgerðarplan

Til að tryggja hagsmuni og öryggi Evrópu, þarf þetta til að koma:

Skilningur á þessari stöðu og þeirri hættu, sem fram undan er. Fullkomin samstaða og bezta möguleg samvinna allra þjóða og aflu innan Evrópu. Ísland auðvitað meðtalið. Evrópa þarf að fara af stað með öflugum áætlun og aðgerðarplan til að styrkja og byggja upp fátækar þjóðir heims, einkum í Afríku og Asíu, og

hjalpa þeim þannig til sjálfsbjargar.

Vettvangur fyrir þetta lífsnauðsynlega samstarf og aðgerðir er vitaskuld Evrópusambandið, ESB, sem, Guði sé lof, er komið vel á veg með að friða, sameina og styrkja Evrópu, viðskiptalega og efnahagslega, og sér nú þörfina á hernaðarlegri styrkingu og sjálfstæði.

## NATO tryggir ekki öryggi

Menn hafa talið, að NATO myndi

tryggja hagsmuni Evrópu og varnir, en, því miður hafa Evrópubúar treyst um of á hernaðarmátt Bandaríkjanna og þar með vanrækt sjálfstæðar varnir sínar og hernaðarmátt Evrópu sjálfar.

Úr þessu er nú loks verið að bæta, svo kaldhæðnislegt, sem það er, þökk sé Pútín.

Sagan sýnir, að Bandaríkin hafa lítinn raunverulegan sigurmátt á erlendri grund, þegar á reynir:

Illa vopnaður bændaher rak þá út úr Vietnam, nánast eins og halaklippta hunda, þrátt fyrir öll þeirra gjöreyðingarvopn.

Ekki gekk vel í Kóreu heldur, og ekki er árangurinn skárrí í Afganistan, Írak eða Mið-Austurlöndum.

## Endurkoma „Trump“

Gjöreyðingarvopn hafa fælingarmátt, en stríð vinnast ekki með þeim – með þeim tapa allir – stríð

vinnast aðeins, ef yfir höfuð er hægt að tala um vinning og sigur í stríði, með hefðbundnum hernaði. Erfitt verður mikið að treysta á þá klofna þjóð, sem Bandaríkjamenn eru, eftir að hún kaus sér Donald Trump sem forseta, en hann, eða annar hans líka, óútreiknanlegur sýndarmennskupési, hrokagikkur og óheilindamaður, með America-First-stefnu, mun örugglega komast þar aftur til valda. ■

Á kynningarverði í júlí:

# Ný þvottavél frá Siemens



SIEMENS



**Þvottavél, iQ500**  
WG 44G2ACDN

Ný 9 kg þvottavél með íslensku stjórnborði. Hámarksvindhraði: 1400 sn./mín. Orkuflokkur A. Tromlan (waveDrum) fer einstaklega vel með þvottinn. i-Dos, blettakerfi, 15 mín. hraðþvottakerfi.

Kynningarverð:

**129.900 kr.**

Fullt verð: 169.900 kr.



Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

**5** ÁRA \*\*\*\*\*  
**ÁBYRGÐ**

Gildir til og með 31. júlí 2022 eða á meðan birgðir endast.

**SMITH & NORLAND**

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
www.sminor.is





## Úti er ævintýri

Stelpurnar okkar eru á heimleið af Evrópumótinu eftir jafntefli gegn Frökkum í gær. Þær fara af EM ósigraðar en Belgar skildu Íslendingana eftir með sigri á Ítölum.

kristinnpall@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Vítaspyrnumark Dagnýjar Brynjarsdóttur sem reyndist síðasta snerting Íslands á Evrópumótinu náði að klófesta 1-1 jafntefli í lokaleik Stelpnanna okkar á EM þessu sinni. Stelpurnar okkar eru því á heimleið í þriðja sæti riðilsins og fara heim án ósigurs en á sama tíma án sigurs. Sigur Belga á Ítölum á sama tíma þýðir að Belgar og Frakkar skilja Ítali og Íslendinga eftir að þessu sinni.

Þorsteinn Halldórsson stóð við loforð um óvæntar breytingar með þremur breytingum á milli leikja, þar á meðal hálfri varnarlínunni. Það reyndist ekki vel í upphafi leiks þar sem það virtist vera örliðið óöruggi í leik Íslands og komust Frakk-

ar strax yfir á fyrstu mínútu leiksins með marki frá Melvine Malard eftir mistök í vörn Íslands.

Frakkar voru meira með boltann og sköpuðu sér hættulegri færi í leiknum en helsta ógn Íslands kom eftir föst leikatriði og mátti nokkrum sinnum litlu muna. Frakkar voru um leið að ógna marki Íslands og virtust tvisvar hafa gert út um leikinn en myndbandsdómariinn dæmdi bæði mörkin af.

Það var svo í lok uppbótartímans sem Ísland fékk vítaspyrnu eftir ábendingu úr myndbandsdómargæsluherberginu. Dagný fór á vítapunkturinn og skoraði en dómari leiksins flautaði leikinn af þegar leikmennirnir voru á leiðinni til baka. Ótrúleg þrautseigja að gefast ekki upp í erfiðum aðstæðum og eiga Stelpurnar okkar hrós skilið fyrir að hafa náð jöfnunarmarkinu.

Stelpurnar okkar geta verið stoltar af því að hafa ekki tapað leik á EM að þessu sinni, þótt þær hafi haft tækifæri til að næla í sigur gegn Belgíu og Ítalíu og komast upp úr riðlinum. ■



## Valsmenn bregða út af vananum og leita til gamals vinar

helgifannar@frettabladid.is

**FÓTBOLTI** Ólafur Jóhannesson er tekinn við sem þjálfari karlalíðs Vals á nýjan leik. Hann tekur við af Heimi Guðjónssyni, sem lætur af störfum eftir slakt gengi liðsins undanfarið.

Valur situr í fimmta sæti Bestu deildar karla með tuttugu stig, fjórtán stigum frá toppliði Breiðabliks, þegar þrettán umferðir hafa verið leiknar. Er þetta langt frá þeim markmiðum sem liðið hafði sett sér í upphafi tímabils, enda er leikmannahópurinn mjög sterkur.

Heimir tók við liði Vals eftir tímabilið 2019, einmitt af Ólafi,

sem nú tekur aftur við. Heimir átti góðu gengi að fagna á sinni fyrstu leiktíð með liðið. Þá varð Valur Íslandsmeistari. Í fyrra hafnaði liðið hins vegar í fimmta sæti, þar sem það er einnig nú.

Ólafur þekkir hvern krók og kima hjá Val. Hann tók við liðinu árið 2014 og var þar í fimm ár. Ólafur átti góðu gengi að fagna í fyrra skiptið. Varð liðið bikarmeistari 2015 og 2016 og Íslandsmeistari 2017 og 2018.

Ólafur stýrði FH fyrr á þessari leiktíð en var látinn fara eftir slapp gengi Hafnfirðinga. Eiður Smári Guðjónsen tók við. Ólafur hafði verið við stjórnvölinn hjá FH frá

því hann tók við um mitt síðasta tímabil.

Þetta er aðeins í annað skiptið frá aldamótum sem Valur skiptir um þjálfara um mitt tímabil. Það gerðist einnig árið 2009, er Valur var í sjötta sæti deildarinnar. Þá var Willum Þór Þórssón látinn fara. Atli Eðvaldsson tók þá við liðinu og stýrði því út leiktíðina 2009. Atli tók einmitt við í júlí, líkt og Ólafur gerir nú.

Fyrsti leikur Atla með Val var gegn KR, rétt eins og fyrsti leikur Ólafs. Valur heimsækir KR í Vesturbæinn næstkomandi mánudag. Þar á eftir fær Ólafur svo sitt fyrra lið, FH, í heimsókn á Hlíðarenda. ■



Ólafur Jóhannesson er tekinn aftur við Val.



# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

ÞRIÐJUDAGUR 19. júlí 2022



Erró er níræður í dag.

## Erró níutíu ára

sandragudrun@frettabladid.is

Listamaðurinn Guðmundur Guðmundsson, betur þekktur sem Erró, er níræður í dag. Hann fæddist 19. júlí árið 1932 í Ólafsvík. Hann ólst upp á Kirkjubæjarklaustri og stundaði seinna nám í Reykjavík. Í dag býr hann í Frakklandi.

Erró var í fararbroddi evrópsku framúrsteftunnar á sjöunda áratugnum. Hann hefur skapað sér nafn sem einn af þekktustu samtímalistamönnum Íslands og er einn fárra íslenskra listamanna sem náð hafa fótfestu í heimi alþjóðlegrar myndlistar. Erró hefur verið mjög afkastamikill í gegnum árin en hann sagði í viðtali við RÚV í apríl að hann væri kominn upp í 16.000 málverk og meira en 30.000 klippimyndir.

### Ókeypis í Hafnarhús

Í tilefni dagsins býður Listasafn Reykjavíkur alla velkomna á sýninguna Erró: Sprengikraftur mynda, í Hafnarhúsi frá klukkan 10-17.

Boðið verður upp á leiðsögn um sýninguna klukkan 12.15 og 16.

Sprengikraftur mynda er umfangsmesta sýning sem sett hefur verið upp á verkum Errós hérlandis. Sýningin er heildstæð úttekt á hinum litríka ferli listamannsins sem hefur fengist við ýmsa miðla myndlistarinnar. Á sýningunni má finna allt frá gjörningum, vídeólist, grafík, fjölfeldi og klippimyndum til stórra verka í almannarými og málverka á öllum skala. Sýningin var opnuð 9. apríl og stendur til og með 29. september. ■



Lucindu, eða Lucy eins og hún er oftast kölluð, er margt til lista lagt. Þegar hún er ekki að vinna á gjörgæsludeildinni í Fossvoginum þá er hún að gera upp húsgögn og skrautmuni úr nytjamörkuðum Góða hirðisins og ABC Barnahjálpar.

FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

## Seyðisfjörður á alltaf hjarta mitt

Lucinda Svava Friðbjörnsdóttir er ein af þeim sem sitja sjaldan auðum höndum í frístundum. Undanfarin ár hefur hún deilt myndum af verkum sínum á Skreytum hús á Facebook.

jme@frettabladid.is

Lucy er lærður félags- og sjúkraliði og starfar í dag á gjörgæslunni í Fossvogi. „Ég er gift sjómanni og saman eigum við fjögur börn,“ segir hún. Þau búa í Hafnarfirðinum í tvílyftu húsi sem þau keyptu af bankanum og „tóku í nefið“ eins og hún orðar það létt í bragði.

### Bjuggu í hjarta Seyðisfjarðar

„Ævintýrið hófst þegar við fluttum á Seyðisfjörð og keyptum gamalt hús við Vesturveg af bænum. Húsið, sem var byggt 1907, var í

slæmu ásigkomulagi enda hafði það staðið autt og opið fyrir Péttri og Páli í 11 ár. Búið var að spreya á loftið, brjóta handriðið og fleira. Árið '95 stóð til að nýta það í slökkviliðsæfingu og kveikja í því, en húsafríðunarsinnar mótmæltu því. Menn bundu vonir við að einhver myndi kaupa húsið og gera það upp.

Fjórum árum síðar flytjum við fjölskyldan á Seyðisfjörð. Arnar, maðurinn minn, vann á sjó og ég var með fjögur börn á aldrinum 1-10 ára. Systir mömmu bjó í þorpinu og við vorum góðar vinkonur.

Seyðisfjörður var því góður kostur fyrir okkur og er Seyðisfjörður líka besti staður í heimi til að ala upp börnin sín á.“

Hálft ári eftir að fjölskyldan kom á Seyðisfjörð keyptu þau húsið við Vesturveg. „Við gerðum okkur enga grein fyrir því hvað við værum að fara út í. Magnús Skúlason, sem var yfir húsafríðunarnefndinni, var okkur innan handar og við gerðum húsið upp eftir öllum kúnstarinnar reglum. Húsið er á besta stað í bænum. Einn upprunalegur gluggi fannst í húsinu sem var notaður til að

smíða upp alla gluggana með gluggaskrauti og öllu. Við höldum öllum gólfefnum í húsinu og gerðum þau upp. Nýtt handrið var smíðað og smíðurinn gróf upp fremsta stykkið af því og nýtti einnig. Þá gerðum við upp gamla baðkarið á staðnum sem stóð á einum fæti og bróðir mömmu lét smíða nýja eftir fætinum eina. Svo var það allt lagað og sprautað á Seyðisfirði.

Við keyptum húsið á 300.000 krónur af bænum og lofuðum Ólafi bæjarstjóra að við myndum klára að gera húsið upp að utan á





tveimur árum. Annars myndi það kosta okkur 500.000 krónur. Við erum bæði virk hjónin og því stóð ekki til að svíkja það. Það tókst líka. Fjórtán mánuðir liðu frá því við keyptum húsið uns við fluttum inn. Þá var það orðið íbúðarhæft. Eftir það þurfti þó að dytta að ýmsu, eins og að laga kjallarann, setja svalirnar upp, laga til í garðinum og fleira.“

Lucy og Arnar eru bæði handlagin og sáu að mestu sjálf um að gera húsið upp. „Arnar sá um framkvæmdirnar á meðan ég „deko-reitaði“,“ segir Lucy. Sama var uppi á teningnum í húsinu sem þau búa í núna í Hafnarfirði. „Þegar ég bjó á Seyðisfirði eldist ég við alla antíkumuni og vandaði til verka við að velja. Ég er mjög hrifin af danskri antík og var með hana alls staðar í húsinu. Ég hef alltaf haft gaman af því að skreyta í kringum mig og var með lampa í öllum gluggum. Þá skreytti ég alltaf um jólin og setti glærar sérur og greni á handriðin. Svo átti ég gamlan sveitasíma og fleira. Við bjuggum á Seyðisfirði í nítján ár en þegar við seldum tvístruðust munirnir svo út og suður.“

### Úr einum firði í annan

„Þegar krakkarnir fluttu í bæinn og eignuðust börn, þá bjuggu allir í kringum okkur í Hafnarfirðinum eða í Garðabæ. Sjálf er ég líka alin upp í Hafnarfirði. Maður er þar sem fólkíð manns er og ég var orðin ein eftir fyrir austan, með hundinn. Það var því að hrökkva eða stökkva.“

Ég kom í bæinn í desember 2017 og hóf störf á gjörgæslunni í janúar 2018. Við seldum ekki húsið fyrir austan strax því ég vildi sjá hvernig mér liði fyrir sunnan. Í maí 2018 seldum við loks húsið og fluttum alfarið í Hafnarfirðinn. Ég sé alltaf eftir húsinu á Seyðisfirði og ber miklar taugar til þess, staðarins og fólksins sem þar býr. En það yljár mér að sjá myndirnar og rifja upp minningarnar.“

### Húsið í Hafnarfirðinum

„Fyrir tæpum fimm árum keyptum við húsið sem við búum í núna. Það þurfti að gera margt enda hafði það verið í útleigu í mörg ár. Við vissum að þessu sinni út í hvað við vorum að fara og lítum á það sem spennandi verkefni. Húsið var engan veginn í jafn slæmu ástandi og húsið á Seyðisfirði. Við byrjuðum á því að skipta um gler enda voru sumar rúðurnar brotnar. Við máluðum húsið í fallegum gráum lit og skiptum um þakkant á öllu húsinu. Fyrstu þrjú árin bjuggum við í húsinu með átta mismunandi gólfefnum og hlutirnir voru svona alls konar á meðan við kynntumst húsinu. Nú í vetur kláruðum við allt sem við ætluðum okkur. Við vorum að leggja lokahönd á bílskúrinn og erum að taka planið fyrir framan og dytta að ýmsu smotterii fyrir utan, eins og að smíða fyrir ruslatunnurnar og setja blómabeð á bílastæðið. Flest gerum við sjálf, nema að við fengum málara í að mála húsið að innan. Arnar braut upp allar flísar í húsinu og múrari flísalagði fyrir okkur. Einnig létum við sprauta dökkbrún þilin í loftinu hvít.“

Húsið er í heild 260 fermetrar og við búum á efri hæðinni sem er um 140 fermetrar. Á neðri hæðinni er íbúð sem við leigjum út. Einn risastór kostur er við þetta hús, fram yfir húsið á Seyðisfirði. Hér búum við á einni hæð. Húsið á Vesturvegi var á þremur hæðum með þvottahúsi í kjallaranum. Ég var því á þönum allan daginn með þvottinn ofan af efstu hæðinni, þar sem herbergin voru, niður í kjallara til að þvo og svo aftur upp með



Lucy hefur gert upp tvö hús með mannum sínum, honum Arnari. Eitt frá árinu 1907 á Seyðisfirði og annað frá árinu 1993 í Hafnarfirðinum.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI



Húsið á Seyðisfirði áður en fjölskyldan tók það í gegn.

MYND/ÞASEND



Borðstofuborðið sem Lucy gerði upp handa dóttur sinni er úr gegnheilum mangóvið.

MYND/ÞASEND




Það var gifurlegur munur á húsinu á Seyðisfirði eftir að það var tekið í gegn.

MYND/ÞASEND



Hér má sjá stofuna í húsinu í Hafnarfirðinum áður en Lucy gerði sína galdra.

MYND/ÞASEND



Stofan er nú allt önnur í Hafnarfirðinum og er stemningin einstaklega notaleg.

MYND/ÞASEND



Lucy málaði borðið svart og lakkaði með parketlakk yfir. Núna passar það fullkomlega heim til dótturinnar.

MYND/ÞASEND

hreina tauið. Hér erum við líka með stórt sjónvarpsherbergi, stofu og borðstofu og getum tekið á móti öllu liðinu þegar það kemur í heim-sókn. Því verður þó ekki neitað að Seyðisfirður á alltaf hjarta mitt.“

### Gerir upp nytjamuni

Lucy hefur gaman af því að skoða nytjamarkaði og finna þar muni og húsgögn sem hún gerir upp fyrir sig eða vini og vandamenn. „Hér heima á ég helling úr Góða hirðinum eða ABC Barnahjálpi, og marga hef ég gert upp. Þar stendur arinninn upp úr en hann fékk ég í Góða hirðinum rétt eftir að við fluttum í húsið í Hafnarfirði. Hann var settur á langan stóran vegg og hefur staðið þar síðan með æðislegum járnspogli sem ég fékk í The Pier. Arinninn hafði líklega staðið á verkstæði því að ég þurfti að hreinsa steypu neðan af honum. Hann var viðarlitaður en ég málaði hann mattan svartan. Svo fann ég risastóran skrautplatta í Húsgagnahöllinni sem smellpassaði inn í arinninn og gerði muðluna enn veglegri.“

Ég hef líka búið til gangaborð úr gömlum borðstofuborðum með vinkonu minni og selt. Þá saga ég borðin í tvennt, mála og svo eru þau fest á vegginn. Einnig keypti ég notað borðstofuborð handa dóttur minni úr gegnheilum mangóvið, tók það í gegn, þússaði, málaði svart og lakkaði með parketlakk. Ég hef líka málað húsgögn fyrir aðra en mest geri ég hluti fyrir mig og fjölskyldu mína.

Svo verð ég að minnast á kinnverska stríðsmanninn minn. Ég féll fyrir honum á Alicante í sumar og hann varð að koma með mér heim. Hann er 125 sentimetrar á hæðina og nokkuð þungur. En ég klæddi hann í fullt af fötum, vafoði honum í bóluplast og það slapp að borga undir hann ferðatösku og ferja hann heim þannig. Það var í rauninni ótrúlega lítið mál,“ segir Lucy og hlær. ■

Arinninn sem Lucy fann í Góða hirðinum er fallegur á heimili hennar í Hafnarfirðinum. Spegillinn er úr The Pier og skrautplattann fann hún í Húsgagnahöllinni.

FRÉTTABLAÐIÐ/  
SIGTRYGGUR ARI





# Fasteignablaðið

29. TBL. 19. JÚLÍ 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

## VIÐ LEIÐUM ÞIG HEIM

Landmark fasteignamiðlun

Hlíðasmára 2

201 Kópavogur

Sími: 512 4900

www.landmark.is

**LANDMARK**  
 FASTEIGNAMIÐLUN

Síðumúla 27 | 588 4477 | www.valholl.is



Ingólfur Geir Gissurarson  
Frákvæmdastjóri,  
lögg. fast., leigumíðlari  
896 5222  
ingolfur@valholl.is



Hildur Harðardóttir  
Lögfræðingur, lögg. fast.,  
skjalagerð.  
897 1339  
hildur@valholl.is



Heiðar Friðjónsson  
Séluþjóri,  
lögg. fast. B.Sc  
693 3356  
heidar@valholl.is

**VALHÖLL**  
 FASTEIGNASALA  
 STOFNÚD 1995


Snorri Snorrason  
Löggiltur fasteignasali  
895 2115  
snorri@valholl.is



Hrafnhildur B. Baldursdóttir  
Löggiltur fasteignasali.  
BA í Stjórnmalfræði.  
862 1110  
hrafnhildur@valholl.is



Pétur Steinar Jóhannsson  
Aðstoðarm. fasteignasala  
Snæfellsnesi  
893 4718  
petur@valholl.is



Hólmfríður Björgvinsdóttir  
Ritari  
588 4477  
ritari@valholl.is



Anna F. Gunnarsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
Lista og innhússtílisti  
892 8778  
anna@valholl.is



Sturla Pétursson  
Löggiltur fasteignasali  
899 9083  
sturla@valholl.is



Elin Viðarsdóttir  
Löggiltur fasteignasali  
695 8905  
elin@valholl.is



Jónas H. Jónsson  
Löggiltur fasteignasali.  
Eignaskiptayfirlýsandi.  
842 1520  
jonas@valholl.is

 Reykjavík  
 Snæfellsbæ  
 Höfn Hornafirði

 Framúrskarandi  
 fyrirtæki

 Fagleg þjónusta  
 Vönduð vinnubrögð

Nútímaleg, kraftmikil og framsækin fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu starfsmanna!



Stórir gluggar eru í stofu þar sem horfa má yfir í Nauthólsvík.

## Glæsilegt hús með sjávarsýn

Fasteignamarkaðurinn ehf. s: 570-4500 kynnir til sölu afar glæsilegt og frábærlega staðsett einbýlishús á tveimur hæðum/þöllum auk kjallara, samtals um 440,0 fermetrar að stærð að meðtöldum 39,0 fermetra bílskúr.

Staðsetning eignarinnar er virkilega góð við opið svæði niðri við sjóinn til norðurs og frá eigninni nýtur fallegs sjávarútsýnis, yfir að Nauthólsvíkinni og víðar.

Á aðalhæð er forstofa með innbyggðum fataskápum. Sjö þrep upp á efri hæð þar sem er borðstofa með útgengi á svalir til vesturs og þaðan á lóð. Eldhús er inn af borðstofu með víðarinnréttingum, graníti á borðum og flisum á milli skápa. Fastur skenkur skilur að borðstofu og stofu. Tvö þrep eru niðri í stofu.

Samliggjandi stofur með mikilli lofthæð og gríðarlega stórum gluggum til norðurs og vesturs. Fastur bekkur er við glugga í stofu og einnig er fastur bekkur aftan við skenk á milli stofa. Útsýnis nýtur til sjávar úr stofu og einnig er þaðan útgengi á flísalagðar svalir til

norðurs og þaðan niður á tyrfða lóð við óbyggt svæði að sjó. Sjónvarpsstofa er stór og með föstum bókahillum á einum vegg og útgengi á svalir til suðurs með glerhandriði á stálprófilum. Gestasnyrting með innréttingu og graníti á borði.

Hjónaherbergi er rúmgott og með útgengi á svalir til norðurs. Fataherbergi inn af hjónaherbergi með rennihurð og innréttingu. Baðherbergi er einnig inn af hjónaherbergi, mósaíklagt og með innréttingu með graníti á borði, handklæðaoefni, flísalagðri sturtu og glugga.

Átta þrep eru niður úr forstofu um steyptan parketlagðan stiga.

Frá gangi eru herbergin. Eitt herbergið er mjög stórt með fataherbergi inn af og séringgangi af lóð með flísalögðu anddyri og fatahengi. Tvö önnur herbergi, bæði stór og er annað þeirra með útgengi á verönd til norðurs. Baðherbergi með glugga, baðkari með sturtuástöðu og handklæðaoefni, flísalagt gólf og veggir.

Þvottaherbergi er stórt og með glugga, innréttingu, vinnuborði og vaski. Útgengi er úr þvottaherbergi á lóð.

Kjallari, sem ekki er innifalinn í stærð eignarinnar í Fasteignaskrá Íslands, er gluggalaus og með um 2,1 metra lofthæð. Gengið er niður í kjallara um parketlagðan stiga. Þar er stórt og gluggalaust alrými. Parketlagt.

Tvær geymslur, rúmgóðar og gluggalausar, án gólfefna. Spa með heitum potti, gufubaði, setustofu, sturtu, WC-skál, handklæðaoefni og innréttingu með vaski með marmara á borði. Flisar á gólfum.

Bílskúrinn er með gluggum og tveimur innkeyrsludryrum með mótorum, lökkuðu gólfi og vaski. Stór gluggalaus geymsla er undir bílskúr.

Lóðin er 695 fermetrar að stærð, ræktuð og afgirt með víðarverönd fyrir framan hús með heitum potti og skjólveggjum. Innkeyrsla og stétt fyrir framan húsið eru hellulögð og með hitalögnum undir. ■

Allar nánari upplýsingar og tímaþantani á skoðun eignarinnar veittar á skrifstofu Fasteignamarkaðarins ehf. í síma 570-4500 eða á netfanginu gtj@fastmark.is

**Einstakt  
tækifæri**  
til uppbyggingar  
í ferðaþjónustu

**NÁNARI UPPLÝSINGAR**  
hjá Friðrik í síma 616 1313

**Vogur-Fellsströnd**  
371 Dalabyggð

**Jörð á einstökum stað**


- Jörðin er um 250 ha, vel staðsett með útsýni út Hvammsfjörð og út á Breiðafjörð
- Mikil náttúrufergurð
- Hentar vel fyrir félagsamtök eða stéttarferliög fyrir orlofshús eða einstaklinga fyrir sumarhúsaloðir
- Góður og mikill húsakostur

Nánari upplýsingar veitir:  
**Friðrik P. Stefánsson**  
hdi. og aðst. fasteignas.  
 Sími: 616 1313  
 friidik@miklaborg.is  
 Ólafur Finnbogason  
lögg. fasteignasali

Verð: **Tilboð**

MIKLABORG

569 7000 | Lágúla 4 | miklaborg.is  
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar



# heimili

fasteignasala  
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is







Jón Guðmundsson  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



Guðmundur Th.  
Jónsson  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



Elín D.  
Guðmundsdóttir  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



Sigríður  
Kjartansdóttir  
Lögg. fasteignasali  
sigridur@fastmark.is



Hallveig  
Guðnadóttir  
Skrifstofustjóri  
hallveig@  
fastmark.is

## Starfandi í 40 ár – 1982-2022

### Huldubraut 28 – Kópavogi.



Afar glæsilegt einbýlishús á tveimur hæðum/pöllum auk kjallara samtals um 440,0 fermetrar að stærð að meðtöldum 39,0 fermetra bílskúr.

- Staðsetning eignarinnar er frábær við opið svæði niður við sjóinn til norðurs og nýtur fallegs sjávarútsýnis frá eigninni, yfir að Nauthólsvík og víðar.
- Í húsinu er mikið um fastar innréttingar s.s. fataskápa, skenka, borð og bekki.
- Stofur með mjög mikilli lofhæð og gríðarlega stórum gluggum til norðurs og vesturs. Stór sjónvarpsstofa með útgengi á svalir. Fjögur svefnherbergi. Fataherbergi innaf tveimur herbergjum.
- Spa með heitum potti, gufubaði, setustofu, sturtu o.fl.
- Lóðin er 695,0 fermetrar að stærð, afgirt og með víðarverönd fyrir framan hús, heitum potti og skjólveggjum.

Verð 235,0 millj.

## Skerjafjörður og Seltjarnarnes - Glæsileg einbýlishús á söluskrá - Leitið upplýsinga hjá okkur Sumarbústaðalóð við Þrastahóla í Grímsnesi til sölu - Leitið upplýsinga hjá okkur.

### Austurberg 20- 5 herbergja endaíbúð ásamt bílskúr



OPÍÐ HÚS  
MIÐVIKUDAG

- Eignin verður til sýnis á morgun, miðvikudag frá kl. 17.15 – 17.45
- Vel skipulögð 5 herbergja endaíbúð á 2. hæð við Austurberg auk 18,0 fermetra bílskúrs.
  - Íbúðin er með gluggum í þrjár áttir. Stórar flisalagðar svalir til suðurs. Sér þvottaherbergi með glugga og búi innaf er innan íbúðar. Sér geymsla á 1. hæð.
  - Stofa er rúmgóð og björt. Þrjú rúmgóð herbergi. Eldhús opið við hol og með borðaðstöðu. Bílskúrin er 18,0 fermetrar að stærð og er með rafmagni og hita.
  - Íbúðin er laus til afhendingar fljótlega.
  - Staðsetning eignarinnar er góð og stutt er í leikskóla, skóla, sundlaug, íþróttasvæði, verslanir og þjónustu.

Verð 64,9 millj.

### Skólavörðustígur 6B- 2ja herbergja íbúð með stórum svölum.



OPÍÐ HÚS  
Í DAG

- Eignin verður til sýnis í dag, þriðudag frá kl. 17.00 – 17.30
- 67,2 fermetra 2ja herbergja íbúð á 2. hæð í fjölbýlishúsi í hjarta miðborgarinnar að meðtalni sér geymslu í kjallara. Aðeins er gengið upp eina hæð í stigahúsi að íbúðinni.
  - Stórar svalir til norðausturs þar sem sólar nýtur frá morgni fram að hádegi. Eldhús með gluggum til austurs.
  - Eldhúsinrétting og tæki voru endurnýjuð fyrir tveimur árum síðan og var baðherbergi endurnýjað á sama tíma. Þvottaaðstaða er á baðherbergi.
  - Sameign er mjög snyrtileg og vel umgengin.

Verð 52,9 millj.

**Parft þú að stækka eða minnka við þig  
en finnur ekki réttu eignina ?**

**Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.**

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

**<https://www.facebook.com/fastmark.is> - [https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn\\_ehf/](https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/)**

RÁÐGJÖF  
RÁÐNINGAR  
RANNSÓKNIR



intellecta

Síðumúla 5 • 108 Reykjavík • 511 1225 • intellecta.is



NÝTT Í SÖLU



**PANTÍÐ SKOÐUN**  
hjá Jörunni í síma 845 8958

**Hléskógar 21**  
109 Reykjavík

**Fallegt um 300 fm einbýli með útiskála og tvöföldum bílskúr**

- Hannað af Jóni Björnssyni
- 4 svefnherbergi og 2 baðherb.
- Fjórar stofur
- Upphituð geymsla á lóð
- Tvöfaldur bílskúr
- Steypt stimplað plan og innkeyrsla í bílskúr
- Sérlega glæsileg aðkoma að húsinu þar sem húsið stendur á endalóð og er því alveg útaf fyrir sig

Verð: **Tilboð**

Nánari upplýsingar:

**Jörunn Skúladóttir**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958  
jorunn@miklaborg.is

NÝTT Í SÖLU



**PANTÍÐ SKOÐUN**  
hjá Jasoni í síma 775 1515



**Jason Ólafsson**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515  
jko@miklaborg.is

**Hálsasel 35**  
109 Reykjavík

**Fallegt 190,8 fm einbýli á þremur hæðum**

- Aðalhlæð: anddyri, gestasnyrting, baðherbergi, eldhús, þvottahús, stofur og 2 svefnherbergi.
- Efri hæð: stofa m. útgengt á suðursvalir, 3 svefnherbergi og baðherbergi.
- Óskráð 65fm rými í kjallara
- Bílskúr með geymslufofti.
- Falleg gróin lóð með palli
- Stutt í skóla og þjónustu.

Verð: **132 millj.**

NÝTT Í SÖLU



**Páll Þórólfsson**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 893 9929  
pall@miklaborg.is

**OPIÐ HÚS** í dag þriðjudag  
19. júlí  
kl. 16.45 - 17.15

**Skúlagata 46**  
101 Reykjavík

**61,1 fm 2ja herbergja íbúð á 5. hæð í lyftuhúsi**

- Skiptist í anddyri, stofu, eldhús, baðherbergi og svefnherbergi
- Vestursvalir eru út úr stofu
- Sérgeymsla í kjallara.
- Stæði í bílageymslu

Verð: **49,9 millj.**

NÝTT Í SÖLU



**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 775 1515

**Bauganes 15**

102 Reykjavík

**Fallegt 160 fm einbýli á einni hæð með bílskúr í Skerjafirði**

Verð: **118,9 millj.**

- Stofa borðstofa og eldhús.
- 3 svefnherbergi, Baðherbergi, þvottahús
- Innangengt í kjallara. Fristandandi 28 fm bílskúr
- Heitur pottur og útisturta

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



Fyrir  
**60 ára**  
og eldri

**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 775 1515

**Skúlagata 20**

101 Reykjavík

**Góð 64,4 fm 2ja herb. útsýnisíbúð á 5. hæð**

Verð: **57,5 millj.**

- Góð aðkoma er að húsinu Lindargötumegin og eru bílastæði þar fyrir íbúa
- Útgengi á suðursvalir
- Íbúðin er laus til afhendingar við kaupsamning
- Geymsla er innan íbúðar. Húsvörður er í húsinu

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU



**HAFIÐ SAMBAND**  
VIÐ SÖLUMENN

**Einbýli í Hafnarfirði**

220 Hafnarfjörður

- 200 fm arkitektateiknað einbýlishúshúsi í nágrenni við Flensborg með sjávarútsýni.
- Einstök hönnun.
- Byggt árið 1990.

Nánari upplýsingar:

s. 8993090 **Elín Alfreðsdóttir** löggiltur fasteignasali  
s. 775 1515 **Jason Ólafsson** löggiltur fasteignasali



**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 775 1515

**Sæviðarsund 2**

104 Reykjavík

**Fallegt 163 fm endaraðhús á einni hæð, með skjólríkum surðurgarði**

Verð: **110 millj.**

- 4 svefnherbergi - Suðurgarður
- Endurnýjað baðherbergi - Bílskúr
- Mögulegt að stækka eignina um 30-40 fm með því að gera innangengt úr stofu í sólstofu

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 775 1515

**Stakkholt 2a**

105 Reykjavík

**65,4 fm 2ja herbergja íbúð á 6. hæð auk 5,7 fm svala í norður**

Verð: **64 millj.**

- Eldhús er með eyju og er opið inn í stofuna
- Svefnherbergi er rúmgott og með skápum. 8 fm vinnuherbergi
- Baðherbergi er með sturtu og tengi fyrir þvottavél
- Stæði í bílageymslu og sérgeymslu í kjallara

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU

**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 775 1515

**Grenilundur 14**

805 Þingvellir

**Sumarhús í landi Miðfells við Þingvallavatn**

Verð: **23,9 millj.**

- Stærð 41,3 fm ásamt 9,6 fm geymslu
- Lokað svæði með rafmagnshlíð
- Settur var hitaþráður og einangrun á kaldvatnsrörrið árið 2021.
- Tvöfalt gler að mestu í gluggum. Laus til afh. fjótlega.
- Skipt um járn á þaki ásamt þakpluggum 2003

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali



**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 695 5520

**Dverghamrar 22**

112 Reykjavík

**164,5 fm efri sérhæð ásamt bílskúr**

Verð: **118 millj.**

- Frábær hæð á besta stað fyrir fjölskyldur
- Þrjú svefnherbergi
- Stórt airými þaðan sem útgengt er á stórar suðursvalir
- Gott útsýni en svalir ná meðfram allri suðurhlíðinni
- Hægt að opna á milli stofu og eldhús

Nánari upplýsingar:

s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 695 5520

**Nönnubrunnur 1**

112 Reykjavík

**Glæsileg ný 4ra herb. 142,4 fm íbúð 2. hæð**

Verð: **94,9 millj.**

- Björt stofa með opnu eldhúsi og eyju
- Fallegt útsýni s.svölum
- Tvö barnaherbergi og hjónaherbergi með fataherberb inn af
- Glæsilegt baðherb. Geymsla og þvottahús innan íbúðar
- Stæði í bílageymslu

Nánari upplýsingar:

s. 695 5520 **Jón Rafn Valdimarsson** löggiltur fasteignasali



NÝTT Í SÖLU

**BÓKIÐ SKOÐUN**  
Í SÍMA: 775 1515

**Skipasund 27**

801 Grimsnes

**Vinalegt 53,2 fm sumarhús í Hraunborgum**

Verð: **34,9 millj.**

- Sundlaug og golfvöllur á svæðinu.
- 3 svefnherbergi. Baðherbergi með sturtu
- Stofa með útgengi út á pall. Eldhús með eldaveil, bakaraofn.
- Ísskápur og frystir. Þvottavél. Hitakútur.
- Lóðin er 5.000 fm leigulóð. Útsýni til fjalla

Nánari upplýsingar:

s. 775 1515 **Jason Kr. Ólafsson** löggiltur fasteignasali







# LANDMARK FASTEIGNAMIDLUN

Hlíðasmára 2 • 201 Kópavogi • Sími: 512 4900 • www.landmark.is • landmark@landmark.is



## BRÚARFLJÓT 5 - 270 MOS.

### TIL SÖLU EINKAR VANDAÐ ATVINNUBIL Á FRÁBÆRUM STAÐ

- Stærð 108 fm. Grunnflötur 6m x 18m og 12m x 18m
- Malbikuð og afgirt lóð með öryggishliðum.
- Gönguhurðir og gluggar bæði að framan og aftan
- Stórar innkeyrsluhurðir 4 m x 4,2m
- Afhending við kaupsamning
- Möguleiki að gera milliloft allt að 50 fm.

Verð: 41,9 millj.



**ÞÓRARINN**  
Löggiltur fasteignasali.  
s. 770-0309

NÝTT Í SÖLU



**PANTID EINKASKOBUN**  
í síma 695 5520 eða 899 5856



### Neðristígur 7 801 Þingvellir

**Stórglæsilegt 129 fm heils-  
árshús á vatnsbakkalóð  
við Þingvallavatn**

- Þrjár stofur, arinstofa, borðstofa og setustofa
- Vel skipulagt og vandað húð
- Mikil lofthæð í húsinu
- Glæsileg verönd m. rafmagnspotti
- Bátaskýli og flotbryggja
- Glæsileg aðkoma með brýr yfir hraungjótur
- Eignir sem þessar koma afar sjaldan í sölu



**Jón Rafn Valdimars**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520  
jon@miklaborg.is



**Gunnar S. Jónsson**  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 5856  
gunnar@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

**MIKLABORG**

569 7000 | Lágmúla 4 | miklaborg.is  
Óskar R. Hauksson og Jason Óskunsson, löggiltir fasteignasalar

**job**  
Finnum draumastarfið saman

Erum við  
að leita **að þér?**



# FOLD FASTEIGNASALA

Sóltún 20 • Sími: 552 1400  
www.fold.is • fold@fold.is



**Viðar Böðvarsson**  
viðskiptafr. og lögg. fast.  
vidar@fold.is / 694-1401

**Gústaf Adolf Björnsson**  
iþróttafræðingur og lögg. fast.  
gustaf@fold.is / 895-7205

**Anna Ólafía Guðnadóttir**  
islenskufræðingur

**Rakel Viðarsdóttir**  
lögg. fast.  
rakel@fold.is / 699-0044

**Einar Marteinsson**  
lögg. fast.  
einarm@fold.is / 893-9132

**Rögnvaldur Örn Jónsson**  
löggildingarnemi  
rognvaldur@fold.is / 660-3452

### Langahlíð 17 rishæð OPIÐ HÚS ÞRIÐJUD. 19.7. KL. 16:30-17



Rishæð í fallegu vel viðhöldnu húsi við Klambatún í 105 Reykjavík. Í dag eru tvö svefnherbergi og stofur í íbúðinni, auðvelt að breyta einni stofu í herbergi. Geymslur eru í efra risi og mögulegt að nýta aðra sem herbergi. Inngangur sameiginlegur með einni annari íbúð.

Opið hús þriðjud. 19.7. kl. 16:30-17.  
Verið velkomin.

### Sumarhús Í LANDI MIÐFELLS / ÞINGVÖLLUM



Gott 57 fm. sumarhús sem stendur á 5000 fm eignalóð við Sandskeið í landi Miðfells við Þingvallavatn. Húsið skiptist í þrjú svefnherbergi, baðherbergi, stofu og eldhús. Á lóðinni eru tveir geymsluskúrar og svo stór pallur með heitum potti. Tvö símahlið.

Verð 26,9 milljónir.  
Nánari upplýsingar gefur einarm@fold.is / 893-9132

### Sumarhúsaloð í landi Heyholts Í BORGARFIRÐI V/GLJÚFURÁ.



Tæplega 0,4 hektara lóð mjög vel staðsett á jafarlóð innanlega í landi Heyholts í Borgarfirði. Lóðin er mjög vel staðsett nálægt Gljúfurá. Stutt í alla þjónustu til Borgarness. Lyng og kjarrvaxin lóð með góðri fjallasýn. Kalt vatn og rafmagn við lóðarmörk. Lóðin er innst í sumarhúshæfvi, þannig að lítil sem engin umferð er við hana.

Verð 3,9 millj.

### Sætún - eignarland 116 KJALARNES - REYKJAVÍK.



Sætún Lóð B. Ca. 5.546 fm. atvinnulóð við þjóðveginn. Teikningar að ca. 2.900 fm. geymsluhúsnæði með 20 bilum. Teikningar eru skv. tillögum um geymslu/atvinnuhúsnæði sem mögulegt er að skipta í allt að 20 hólf með stórum innkeyrsludyrum á hverju hólf. Heildarflatamál hvers bils með ca. 35 fm. millilofti er um 145 fm. Staðsetning frábær með tilkomu Sundabrautar.

Verð 79 millj.

## Sumarhúsin seljast á Fold



Fold hefur áratuga reynslu í sölu á sumarhúsum.

- Skoðum og verðmetum án kostnaðar eða skuldbindinga.
- Höfum kaupendur á skrá að sumhúsum í öllum verðflokkum.
- Hafið samband við skrifstofuna eða beint í farsíma og við erum til þjónustu reiðubúin.

## Óskum eftir

- íbúðum í öllum hverfum Reykjavíkur til kaups eða leigu fyrir opinberan aðila
- traustar greiðslur
- langur leigutími
- nánari upplýsingar á skrifstofu

Hvað kostar eignin mín?

Kíktu á [www.fold.is](http://www.fold.is) – eða hafðu samband í síma 552 1400 / 694 1401

**Þú finnur okkur á fold.is**





UVA  
5 stjörnur  
★★★★★  
ALLT AÐ 6 TÍMA  
SÓLARVÖRN

BÄSTA I TEST  
Bäst-i-Test<sup>SE</sup> 2022

BESTA  
SÓLARVÖRNIN  
7 ár  
Í RÖÐ

www.bast-i-test.se/solkram



## ÞOLIR SJÓ, SUND, ÍÞRÓTTIR OG LEIK

Viðbætt kollagen, silkeextrakt, C- og E-vítamín fyrirbyggir og lagfærir sólaskaða í húð.

- Óháð prófunarfyrirtæki „Best-i-test“ prófar sólarvarnir í heilt ár við erfiðustu aðstæður EVY sigraði sem besta sólarvörnin árið 2022 það er sjöunda árið í röð.
- Húðin verður fallega sólbrún, mjúk og rakafyllt.
- Ofnæmisprófað er gott gegn sólarexem og sólarofnæmi. Þægilegt að bera á húðina, vatnsheld ekkert klístur eða fituáferð.
- Engin paraben, engin ilm-eða nanaóeindir. Engin hormónatruflandi efni.
- Húðsjúkdómalæknar mæla með EVY fyrir fullorðna og börn.

Grunnformúlan er  
læknisfræðilega skráð





## Bílar & Farartæki



Ford Transit Custom stuttur 2017 eknir um 90 þús km. Eigum tvo útlitgallaða bíla á lágu verði á aðeins 2.490.000 án vsk. Finir í akstri og koma vörum milli staða þó þeir vinna enga fegurðarsamkeppni.

Sparibíll ehf  
Hátún 6A, 105 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
www.sparibill.is

## Bílar óskast

### VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN?

Kaupum bíla 25-250þús  
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og við höfum samband

## Bátar

**MERCURY**  
Utanborðsmótorar  
2,5 - 600 hp.



Verkstæði Vélasölnnar hefur á að skipa sérhæfum starfsmönnum til viðgerða og viðhalds á **Mercuriser** bátavélum og **Mercury** utanborðsmótorum

Eigum til Mercury mótorá á lager  
2,5hp - 4hp - 6hp - 9,9hp  
- 15hp - 20hp og 60hp

Getum útvegað með stuttum fyrirvara 115 hp og 150 hp seapro.

Einnig úrval rafmótorá.



R.SIGMUNDSSON  
**VÉLASALAN**  
www.velasalan.is  
s. 520 0000, Dugguvogi 1  
104 Reykjavík

**MARÁS**  
**TOHATSU**  
UTANBORDSMÓTORAR



JAPÖNSK GÆÐI!

Léttir Fyrirferðalítir Hljóðlátir Kraftmiklir Sparneytnir 3,5-250 hö

Miðhraun 13 - 210 Garðabær  
Sími: 555 6444 - www.maras.is

## Þjónusta

## Spádómar

**Nympha-dora**

Tarot-lestur og Kristalkúla með leiðsögn að handan

VISA 562 8211 EURO

**SPÁMIÐILL**  
ER BYRJUÐ AFTUR  
· SPÁÍ SPIL OG KRISTALSKÚLU  
MEÐ HJÁLPI AÐ HANDAN  
· HEILUN  
ÞÓRA FRÁ BREKKUKOTTI  
S. 5574391

SPÁSÍMINN 908 5666  
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikael S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Garðyrkja



**MAH**  
ALMENN GARÐVINNA OG VIÐHALD

Mah ehf tekur að sér alla almenna garðvinnu og viðhald. Tökum einnig að okkur háþrýstipvott, helluþrif og Pallaprif Gerum tilboð ykkur að kostnaðarlausu. Sanngjörn verð, góð samskipti og vönduð vinnubrögð. Hafid samband í 539-5098 eða á mah@mah.is

## SLÁTTUVÉLAVIÐGERÐIR & SMÁVÉLAVIÐGERÐIR



Áratuga reynsla í viðgerðum á smávélum  
**SLÁTTUVÉLAÞJÓNUSTA**  
Vélaverkstæði JS  
Sími: 554 0661

## Húsaviðhald

**FLÍSLAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**  
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Timavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 867 4254

Getum bætt við okkur utan og innanhúss málingarvinnu. runarmurari.is S. 7743800

## Nudd

### NUDD NUDD NUDD

Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

## Rafvirkjun

### RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.

Töfluskípti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Keypt & Selt

## Til sölu

**STIGA**



**Stiga TwinClip 950V**  
Lúxus sláttuvél með drifi Stigalaust drif-196cc, 2,20kW mótur Tvískiptur hnifur, slær X-smátt 70 ltr.notendavænn graskassi Frábær sláttuvél

Askalind 4, Kóp. Sími 564 1864 www.vetrarsol.is

# LOFTVIFTUR


## Dreifðu varmanum betur




Jafnara hitastig  
Lægri kyndikostnaður  
Betri loftgæði

Kíktur á úrvalið [www.viftur.is](http://www.viftur.is)

Án viftu



Með viftu



Loftviftur spara orku með því að jafna hitastigið. Þeim mun meiri hæð, þeim mun meiri sparnaður. Á sumrin kæla vifturnar.

## JET I

20.768 kr.

23.075 kr.



## TURN-VIFTA

24.308 kr.

28.233 kr.



## HLJÓÐLÁTIR BLÁSARAR

24.308 kr.

28.233 kr.



## KRAFTVIFTUR ÖFLUGAR GÓLFVIFTUR

13.988 kr.

15.898 kr.



## BORÐVIFTA

3.905 kr.

4.339 kr.



## 100 HRAÐAR ÖFLUGAR



KÍKTU Í VIFTUBÚÐINA Á SMÍÐJUVEGI 4A EÐA Á NETINU VIFTUR.IS





Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. [www.myranaut.is](http://www.myranaut.is) s. 868 7204



Sokkarnir í Snjóhúsinu eru sérhannaðir til að koma í veg fyrir hælssæri og blöðrur.

Skoðaðu úrvalið á <http://snjohusid.is>

## Gítarinn ehf.

Stórhöfði 27  
Sími 552 2125  
[www.gitarinn.is](http://www.gitarinn.is)

**Kassagítarar á tilboði**



Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

## Til bygginga



**NÝKOMIÐ BANKIRAI HARÐVIÐARPALLAEFNI 21X145MM VERÐ 1.950 KR METERINN**

slétt beggia megin, ofnþurrkað. Lengdir frá 2,44 upp í 5,50 metrar. Harðviður til húsbýgginga. Sjá nánar á [vidur.is](http://vidur.is) Vatnasklæðning 21x125mm, panill 10x85mm, útihurðir 5,4cmx210cmX80,90,100) Eurotec skrufur, Penofin og Armstrong Clark harðviðaroliur. Uppl. hjá Magnúsi í síma 660 0230, á [magnus@vidur.is](mailto:magnus@vidur.is) og frá kl 10-14 á Öseyrarbraut 2 Hafnarfirði.

## Heilsa

### Heilsuvörur



## Húsnæði

### Geymslúhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**  
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m<sup>2</sup>. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**  
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. [www.geymslur.is](http://www.geymslur.is)

## Tilkynningar

### Fundur

Aðalfundur bilaklúbbsins Krúser verður haldin laugardaginn 23. júlí kl. 09:00 á Höfðabakka 9.

**BLÖÐIN**

Blaðið í dag og safn eldri blaða á [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



Síðumúla 31 | 108 Reykjavík | 517 3500 | [fyrirtekjasala.is](http://fyrirtekjasala.is)

## Áhugaverð og fáanleg fyrirtæki sem hafa skilað góðri afkomu og arðsemi.

- Netverslun með heimilsvörur og -tæki
- Ferðaskrifstofa með VIP áherslu á USA
- Vinsæl Pizzeria og veitingarstaður KEF
- Efnissala, Vín- og bjórgerð
- Verslun með lífstílsvörur í eigin húsnæði
- Ferðapjónusta – Siglingar og veiði
- Hótel á Austfjörðum - Mjög öflugur rekstur
- Varahlutaverslun - eigin innflutningur
- Hársnyrtistofa
  - Góður rekstur og mikið um fastakúnnu til fjölda ára.
- Verktakafyrirtæki
  - Öflugt fyrirtæki í byggingu og viðhaldi fasteigna.

... svo er meira inná [fyrirtekjasala.is](http://fyrirtekjasala.is)  
... eða bara hafa samband við okkur

Björgvin Óskarsson s. 773-4500 [bjorgvin@atv.is](mailto:bjorgvin@atv.is)  
Óskar Mikaelsson lg. fasteigna og fyrirtæki s. 773-4700



## Reykjavíkurborg

Umhverfis- og skipulagssvið

## Skipulagslýsingar vegna nýrra deiliskipulaga

### Bræðraborgarstígur 1, 3 og 5

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 22. júní 2022 og borgarráðs 30. júní 2022 var lögð fram skipulagslýsing, dags. 21. júní 2022, vegna gerð nýs deiliskipulaga fyrir lóðirnar nr. 1, 3 og 5 við Bræðraborgarstíg. Tilgangur með nýju deiliskipulagi fyrir svæðið er að skilgreina og setja skilmála um umfang nýbygginga á lóðum Bræðraborgarstíg 1 og 3. Markmiðið er að ná fram tillögu sem tekur tillit til nærumhverfisins og virðir sögu staðarins í samræmi við öferðir og tækniþekkingu okkar tíma. Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 31. ágúst 2022.

### Leirtjörn vestur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs 7. júlí 2022 var lögð fram skipulagslýsing, dags. 22. júní 2022, vegna fyrrihugaðrar deiliskipulagsgerðar við Leirtjörn í Úlfarsárdal. Í tillögunni er gert ráð fyrir 2-5 hæða íbúðarbyggð, samfélagsþjónustu og annarri nær þjónustu. Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 31. ágúst 2022.

### Suðurlandsvegur

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 29. júní 2022 og borgarráðs 7. júlí 2022 var lögð fram skipulagslýsing, dags. 22. júní 2022, um nýtt deiliskipulag Suðurlandsvegur, frá vegamótum við Bæjarháls að sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ nálægt Hólmsá, veghelgunarsvæða hans og gatnamóta á þessari leið. Vegagerðin áformar að í samvinnu við borgina að tvöfalda Suðurlandsveg og er markmið framkvæmdar að auka umferðaröryggi allra faramóta og tryggja greiðari leið umferðar um Suðurlandsveg með því að aðskilja akstursstefnur. Lagður verður 2+2 vegur, tengingum fækkað frá því sem nú er, þrenn mislæg vegamót, gerðir nýir reið-, hjóla- og göngustígar. Vegurinn verður lagður í allt að fimm áföngum og nær deiliskipulagið til fyrstu tveggja áfanganna. Lýsing var samþykkt til kynningar og umsagnar með vísan til 1. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Óskað er eftir að ábendingar/umsagnir berist eigi síðar en 31. ágúst 2022.

Lýsingarnar eru aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar, [reykjavik.is](http://reykjavik.is) undir skipulag í kynningu.

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkur

Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, sími: 411 1111, [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

## Skipulagsauglýsingar



VESTURBYGGÐ

**Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar eftirfarandi deiliskipulagstillögur:**

### Balar 1

Um er að ræða óbyggða lóð við Bala þar sem gert er ráð fyrir fjölbýli á tveimur hæðum fyrir allt að 15 íbúðir.

### Íbúðasvæði í landi Hóls, Bíldudal

Í deiliskipulaginu eru skilgreindar 56 íbúðir, 24 einbýli, 6 parhús, 4 raðhúsum og einu fjölbýli fyrir 6 íbúðir. Gert er ráð fyrir blágrænum ofanvatnslausnum á bæjarlandi en innan lóða er lagt til leysa ofanvatn af þökum eins og hægt er. Fyrir liggur fornleifaskráning fyrir svæðið.

Tillögurnar munu liggja frammi á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, frá og með 19. júlí til 30. ágúst 2022 og er einnig til sýnis á heimasíðu Vesturbyggðar, [www.vesturbyggd.is](http://www.vesturbyggd.is).

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er hér með gefinn kostur á að gera athugasemdir til **28. júní 2022**. Skila skal athugasemdum á skrifstofu Vesturbyggðar, Aðalstræti 75, 450 Patreksfirði. Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

Opíð hús verður um tillögurnar og verður það haldið í ráðhúsi Vesturbyggðar, Aðalstræti 75 á Patreksfirði, þann 18. júlí frá kl. 15:00-17:00.

Virðingarfyllt,  
Skipulagsfulltrúi Vesturbyggðar

**Þátttakandi í íslensku atvinnulífi í meira en 50 ár**

[hagvangur.is](http://hagvangur.is)



HAGVANGUR





Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, stjúpmóðir, dóttir, systir, tengdamóðir, amma, frænka og vinkona,

**Hólmfríður Dögg Einarsdóttir**

sálfræðingur,

lést í faðmi fjölskyldunnar á heimili sínu í Mosfellsbæ 9. júlí. Hún verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 21. júlí klukkan 13.

**Kúli Theódór Ingason**

**Alexander Levi Pétursson**

**Hildur María Olafsdóttir**

**Theódór Ingi Skúlason**

**Anton Elí Skúlason**

**Antonia Eir Skúladóttir**

**Þórhildur Magnúsdóttir**

**Einar Finnbogason**

**Berglind Einarsdóttir**

**Finnbogi Einarsson**

**Jurgita Mazeikaitė**

**Brimar Levi Alexandersson**

og aðrir aðstandendur.

## Fræðsla um fornleifauppgröft

Fornleifauppgræftinum við Árbæ verða gerð skil á miðvikudagskvöld þar sem gestir fá að kynna því sem þar hefur fundist.

arnartomas@frettabladid.is

Niðurstöður fornleifarannsóknarinnar Fornar rætur Árbæjar verða kynntar áhugasömum á miðvikudagskvöld. Þar mun Sólrún Inga Traustadóttir, fornleifafræðingur og stjórnandi rannsóknarinnar, leiða gesti um uppgrafarsvæðin á bæjarstæði Árbæjar og segja frá því sem þar hefur fundist.

„Þetta hófst þannig að það var verið að endurnýja drenlagn í Árbæ og í framhaldi kviknaði áhugi á að rannsaka fornleifar sem sáust þar í jarðvegssniðinu,“ segir Sólrún Inga um rannsóknina sem hófst árið 2016.

Snemma í rannsókninni var farið djúpt ofan í jarðveginn samhliða vatnslagn þar sem kom í ljós mannvirki – steinaröð og landnámstorfvegur.

„Þegar við tölum um landnámstorf þá er það oftast níunda til tíunda öld,“ segir Sólrún Inga. „Við erum líka með vettvangsnámskeið í samstarfi við Háskóla Íslands þar sem við fáum nema úr fornleifafræði til okkar á hverju ári og kennum þeim uppgrafaraðferðir.“

Einn af mununum sem fundust við uppgröftinn var frekar heillegur bolli sem fannst á milli grjóts í hlöðu.

„Hann er nú frekar ungur, varla að hann teljist til fornleifa, en frekar skemmtilegur því hann er nánast heill,“ útskýrir Sólrún Inga sem bætir við að



Rannsóknin kviknaði þegar endurnýjun drenlagnar leiddi í ljós fornleifar í jarðvegssniði. MYND/ÞESEND



Þegar við tölum um landnámstorf þá er það oftast níunda til tíunda öld.

mörk fornleifa miðist við hundrað ára aldur. „Við teljum hann vera frá í kringum 1920 svo hann rétt sleppur.“

Kynningin á miðvikudag hefst klukkan 20.

„Við munum meðal annars sýna gestum öskuhaug þar sem fólk henti úrgangi og brotnum hlutum eftir árið 1500 og þangað til að bærin fer í eyði um miðja 20. öldina,“ segir Sólrún Inga. „Síðan munum við fara á adaluppgrafarsvæðið okkar þar sem við erum að finna leifar af mannvirkjum og byggingum sem tilheyra gamla bænum í Árbæ. Við endum svo leiðsögnina á sýningu sem við settum upp um rannsóknina árið 2020 með létu spjalli, kaffi og kleinum.“ ■



Elskulegur eigenmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og tengdasonur,

**Árni Sigurbjörnsson**

varðstjóri hjá Landhelgisgæslunni,

lést á Landspítalanum þann 9. júlí síðastliðinn.

Útför hans fer fram frá Viðistaðakirkju fimmtudaginn 21. júlí klukkan 13.

**Andrea J. Ísólfssdóttir**

**Sigurbjörn Árnason**

**Erla B. Antonsdóttir**

**Jóhann Ingi Árnason**

**Fríðrik P. Ólafsson**

**Kristjana H. Árnadóttir**

**Steinar H. Ásgeirsson**

**Margrét J. Árnadóttir**

**Ingólfur H. Héðinsson**

**Hafdis E. Árnadóttir**

**Hrönn I. Hafliðadóttir**

**Ísólfur P. Pálmarsson**

og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS  
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892  
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson  
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason  
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR  
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta  
í yfir 70 ár

Vesturlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is  
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN



Ástkær móðursystir okkar og frænka,

**Svanhildur Björnsdóttir**

Sléttuvegi 11, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans við Hringbraut þann 11. júní 2022. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Ragnheiður Jónsdóttir**  
**Garðar Jónsson**  
**Mary A. Campbell**  
**Jón Hinriksson**

**Elias Magnússon**  
**Hulda Óskarsdóttir**



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jón Þórðarson**

bifreiðastjóri,  
Borgarnesi,

lést á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Brákarhlíð miðvikudaginn 13. júlí.

Útför fer fram frá Borgarneskirku þriðjudaginn 26. júlí klukkan 14.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á minningarsjóð Brákarhlíðar.

**Þórður Helgi Jónsson**  
**Gunnar Jónsson**  
**Garðar Jónsson**  
**Sesselja Jónsdóttir**  
**Finnbogi Jónsson**

**Sigríður Gígi Jónsdóttir**  
**Helga Halldórsdóttir**  
**Lára Hagalín Björgvinsdóttir**  
**Árni Guðjón Hilmarsson**  
**Kristín Ósk Halldórsdóttir**  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær dóttir mín, eiginkona, mamma, systir, tengdamamma, amma og langamma,

**Ester Guðlaugsdóttir**

Vesturbergi 96, Reykjavík,

lést föstudaginn 15. júlí á Landspítalanum Hringbraut. Útför fer fram frá Lindakirkju, Kópavogi, mánudaginn 25. júlí klukkan 13:00.

**Ingibjörg Helgadóttir**

**Sæmundur Karl Jóhannesson**

**Á. Hulda Sæmundsdóttir**

**Hólmgeir Eyfjörð**

**Nína Björg Sæmundsdóttir**

**Bergþór Pálsson**

**Jóel Ingi Sæmundsson**

barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.



Okkar ástkæri

**Þorbergur Guðmundsson**

Holtaseli 22, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans 9. júlí. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 22. júlí klukkan 13.

Blóm og kransar vinsamlega afþakkuð en þeir sem vilja minnast hans láti líknarfélög njóta þess.

**Ester Albertsdóttir**

**Anna Lisa Þorbergsdóttir**

**Baldvin Hafsteinsson**

**Jóhanna Þorbergsdóttir**

**Hulda Axelsdóttir**

**Albert Þorbergsson**

afa- og langafabörn.



Okkar hjartkæra móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jóna Sigríður Marteinsdóttir**

frá Sjónarhóli í Neskaupstað,

lést föstudaginn 15. júlí.

**Inga María Sverrisdóttir**  
**Svanhildur Kr. Sverrisdóttir**  
**Marteinn Sverrisson**

**Guðfinnur Einarsson**  
**Bjarni Bjarnason**  
**Margrét Halldórsdóttir**  
ömmu- og langömmubörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkyningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á [timamot@frettabladid.is](mailto:timamot@frettabladid.is) eða hringja í síma 550 5055.





**FRÉTTA  
VAKTIN**

# FRÉTTAVAKTIN

**KL. 18.30 ALLA VIRKA DAGA**

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalsið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar.

Þátturinn er sýndur á Hringbraut og [frettabladid.is](http://frettabladid.is)



HRINGBRAUT



## Dagskrá

### Hringbraut

- 18.30 Fréttavaktin** Fréttir dagsins í opinni dagskrá.
- 19.00 Matur og heimili (e)** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
- 19.30 Útkall (e)** Útkall er sjónvarpsútgáfan af svin-sælum og samnefndum bókaflökki Óttars Sveinssonar.
- 20.00 Eimskip (e)** Eimskip í nútímanum er umfjöllunar-efni tveggja þátta þar sem farið er m.a. í siglingu með Brúarfossi. Umsjón: Linda Blöndal og Börkur Gunnarsson.
- 20.30 Fréttavaktin (e)**
- 21.00 Matur og heimili (e)**

### RÚV Sjónvarp

- 10.00 HM í frjálsíþróttum** Uptaka frá HM í frjálsíþróttum.
- 13.00 Heimaleikfimi**
- 13.10 Sumarlandabrot**
- 13.15 Bækur og staðir**
- 13.25 Útsvar 2012-2013** Grindavíkurbær - Snæfellsbær.
- 14.20 Íspjóðin með Ragnhildi Steinunni** Gunnar Nelson.
- 14.45 Matarmening - Kartöflur**
- 15.15 91 á stöðinni**
- 15.35 Í garðinum með Gurrý**
- 16.05 Lífsins lystisemdir**
- 16.35 Rætur** Tungumál, amma og Davor.
- 17.05 Íslendingar** Bríet Héðinsdóttir.
- 18.00 KrakkaRÚV**
- 18.01 Hönnunarstirnir**
- 18.18 Frímó** Guðjón og Bongóblíða.
- 18.44 Stundin rokkar**
- 18.48 KrakkaRÚV**
- 18.50 Lag dagsins** Björgvin Halldórsson og Ragnhildur Gíslasdóttir - Eina ósk.
- 19.00 Fréttir**
- 19.25 Íþróttir**
- 19.30 Veður**
- 19.40 Sumarlandabrot**
- 19.45 Lausafé Cash**
- 20.30 Fiskilíf Fiskeliv**
- 21.05 Leigjendur óskast Stath Lets Flats**
- 21.30 Lífið heldur áfram Mum**
- 22.00 Tiufréttir**
- 22.15 Veður**
- 22.20 Grafín leyndarmál Unforgotten**
- 23.05 Gullregn**
- 00.00 HM í frjálsíþróttum** Bein útsending frá HM í frjálsíþróttum.
- 03.00 Dagskrárlok**

### Sjónvarp Símans

- 12.30 Dr. Phil**
- 13.15 The Late Late Show**
- 14.00 The Block**
- 15.00 The Neighborhood**
- 15.25 George Clarke's Remarkable Renovations**
- 16.30 Spin City**
- 16.55 The King of Queens**
- 17.15 Everybody Loves Raymond**
- 17.40 Dr. Phil**
- 18.25 The Late Late Show**
- 19.10 mixed-ish**
- 19.40 Ghosts**
- 20.10 Amazing Hotels. Life Beyond the Lobby**
- 21.05 Bull**
- 21.55 Evil**
- 22.40 Love Island**
- 23.25 The Late Late Show**
- 00.10 FBI**
- 00.55 The Rookie**
- 01.40 Transplant**
- 02.25 Annika**
- 03.15 Love Island**
- 04.00 Tónlist**

### Stöð 2

- 07.55 Heimsókn**
- 08.15 The Mentalist**
- 08.55 Bold and the Beautiful**
- 09.20 Call Me Kat**
- 09.40 Claws**
- 10.25 The Great British Bake Off**
- 11.20 Shark Tank**
- 12.05 30 Rock**
- 12.25 Nágrannar**
- 12.50 Mom**
- 13.05 Home Economics**
- 13.30 Suits**
- 14.15 The Greatest Dancer**
- 16.15 Grey's Anatomy**
- 16.55 The Good Doctor**
- 17.35 Bold and the Beautiful**
- 18.00 Nágrannar**
- 18.27 Veður**
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2**
- 18.45 Sportpakinn**
- 18.55 Jamie's Easy Meals**
- 19.20 Hell's Kitchen**
- 20.00 Saved by the Bell**
- 20.30 Last Man Standing**
- 20.50 The Goldbergs**
- 21.15 Better Call Saul**
- 22.10 Æði**
- 22.25 Unforgettable**
- 23.05 Coroner**
- 23.50 The Pact** Glæpa- og spennuþættir frá 2021. Dauði sem á sér engar útskýringar og vinkonur sem eru bundnar brothættum þagnaðareíði.
- 00.50 The Mentalist**
- 01.30 Call Me Kat**
- 01.50 Claws**
- 02.35 Shark Tank**
- 03.15 30 Rock**
- 03.40 Suits**

### Systkinin sem týndust í Heimaeyjargosinu

Útkall er á dagskrá Hringbrautar í kvöld. Rithöfundurinn Óttar Sveinsson hefur gert fimmtán sjónvarpsþætti upp úr samnefndum bókum sínum sem nú eru komnir í í endursýningu yfir sumarmánuðina. Í þætti kvöldsins rifjar Edda Heiðarsdóttir upp þegar hún og systkini hennar týndust í tvo sólarhringa eftir að eldgosíð hófst á Heimaey fyrir bráðum hálfri öld. ■



### Krossgáta

1	2	3		4	
5				6	7
8			9		
10			11		
		12			
13	14				
15				16	
	17				

#### LÁRÉTT

- 1 fnæsa
- 5 kopar
- 6 átt
- 8 bráka
- 10 í röð
- 11 stilltur
- 12 skorður
- 13 pluss
- 15 röltir
- 17 þyrping

#### LÓÐRÉTT

- 1 mælieining
- 2 tímabil
- 3 heiður
- 4 mótmæli
- 7 fiskur
- 9 tosa
- 12 trygg
- 14 yfirbreiðsla
- 16 ákefð

LÁRÉTT: 1 hnæsa, 5 eir, 6 ný, 8 skadda, 10 tu, 11 ror, 12 höft, 13 hestafli, 2 viku, 3 æra, 4 andóf, 7 vartari, 9 drösla, 12 holl, 14 læk, 16 as.


### Sudoku

	5			9	7	8	4
		2	8			6	9
	9			5	7		3
	1					2	
				4	8		9
	6		2	5	8		7
4	7		9		1		
6						4	8
1		5					

5		1	8		2		3
	7	9	1				5
2							1
		6		2			9
				5			
1	4						2
	8		2				1
		2			5		
6	5	3	7		9		

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

### Pondus



Eftir Frode Øverli

# Sumarleikur Heimsferða og Fréttablaðsins



## Viltu vinna sólarlandaferð?

Skannaðu kóðann og skráðu þig til leiks



frettabladid.is/  
kynningar/sumarleikur



Fullt af glæsilegum vinningum í boði frá



PAINTBALL – RATTLEIKUR – BREKKUSÖNGUR  
SÁPUBOLI – HLJÓMSVEITIR – HÖPPUKASTALAR  
HÆFILEIKAKEPPNI – SKEMMTIATRÍÐI – JÓGA – SJÁLFSVINNA  
LISTASMÍÐJA – VÖFFLUSTEMMNING – DJ – SAMEIGINLEGT GRILL

# SKÓGUM

# 22

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ  
UM VERSLUNARMANNAHELGINA



Á Skógum er öll aðstaða og umhverfi eins og best er á kosið.

**Skemmtiatriði föstudags-, laugardags- og sunnudagskvöld.**  
Meðal þeirra sem koma fram eru:

**EYJÓLEUR KRISTJÁNSSON – BIRGIR HÁKON  
VALBÖRG ÓLAES – ÁSDÍS OLSEN MEÐ JÓGA – RÚNAR ÞÖR  
OG HLJÓMSVEITIN TRAP – ÁSAMT UNGUM OG UPPRENNANDI FLYTJENDUM**

**SKEMMTUM OKKUR SAMAN ÁN ÁFENGIS  
OG VÍMUEFNA Á SKÓGUM '22**

**MIÐASALA Á TIX.IS**





## Hin ósagða saga síldarævintýrisins



Þorvaldur S. Helgason tsh @frettabladid.is

Bodil Tingsby gerði heimildarmynd um áður óþekktan hlut Svía í síldarævintýrinu. Hún kemur til Íslands í sumar og sýnir myndina meðal annars á Siglufirði og Seyðisfirði.

Sænski kvikmyndaframleiðandinn og blaðamaðurinn Bodil Tingsby skrifaði og leikstýrði heimildarmyndinni *Silfur hafsins* (Havets silver) sem fjallar um þátttöku sænskra sjómanna í íslenska síldarævintýrinu á 20. öld.

„Lítið hefur verið fjallað um þessa sögu. Í það minnsta ekki heima í Svíþjóð og líklega ekki á Íslandi heldur,“ segir Bodil sem mun halda sérstakar sýningar á myndinni í Reykjavík, Siglufirði og á Seyðisfirði í sumar.

Bodil vann lengi sem blaðamaður og sjónvarpsframleiðandi fyrir sænska ríkisfjölmiðilinn SVT. Þegar hún hætti að vinna þar flutti hún aftur á heimaslóðirnar í Bohuslän-héraði á vesturströnd Svíþjóðar. Þar fékk hún hugmyndina að því að gera heimildarmynd um þessa sameiginlegu sögu Íslands og Svíþjóðar. Bohuslän gengur undir nafninu „land ekknanna“ en margir sænsku sjómanna sem tóku þátt í síldarævintýrinu komu þaðan.

„Ég hugsaði ekki mikið um að gera fleiri heimildarmyndir þar sem það er mjög mikil vinna, sérstaklega þegar kemur að fjármögnun. Síðan fór fólk að spyrja mig hvort ég ætlaði ekki að gera mynd um þetta efni því að brátt yrði enginn eftir til að segja söguna. Atburðirnir sem ég fjalla um gerðust frá 1895 til 1968 þannig að viðmælendurnir eru gamlir menn og konur en engu að síður full af lífi. Ég ákvað að slá til og núna er myndin komin út í Svíþjóð og gengur vel. Auðvitað vildi ég líka sýna hana á Íslandi af því þetta er hluti af sameiginlegri menningu okkar,“ segir Bodil.

### Ekki vel þekkt í Svíþjóð

Síldarævintýrið er stór partur af íslenskri þjóðarsögu og eitthvað sem hefur verið fjallað um frá nánast öllum hlíðum í bókmenntum, dægurmenningu og fræðiritum. Spurð um hvort hennar nálgun sé ólík því sem áður hefur verið gert segir Bodil:

„Síldarævintýrið er ekki eitthvað sem er vel þekkt, talað um eða skrifað um í Svíþjóð. Hér á vesturströndinni gæti fólk hafa heyrt um það en ekki svo mikið. Þannig að þetta tímabil er næstum því gleymt



Konur við síldarvinnslu í síldarævintýrinu á Siglufirði.

MYND/ADSEND

hér heima en ég veit að svo er ekki á Íslandi.“

Silfur hafsins samanstendur annars vegar af viðtölum við sjómenn og aðstandendur sem upplifðu síldarævintýrið og hins vegar af sögulegum myndskildum frá þeim tíma sem um ræðir.

„Min nálgun í myndinni er að leyfa áhorfendum að hitta fólkið, sem eru nokkrir menn og nokkrar konur. Þetta er bæði sagan af þeim sem fóru og þeim sem eftir urðu og þurftu að sjá um allt heima. Þetta

er þeirra saga, þeirra líf og þau ráða frásögninni. Ég set mig ekki í spor blaðamanns sem spyr spurninga og yfirheyri þau um sögulega hluti eins og kvótakerfið. Áhorfendur hitta þau fyrir eins og þau lifa lífinu núna, þau segja frá minningum sínum og endurspeglar það sem gerðist þá,“ segir Bodil.

### Veiddu eitt prósent af síldinni

Þátttaka Norðmanna í síldarævintýrinu á 19. og 20. öld er vel þekkt en minna hefur verið fjallað um

þátt Svía í þessum atburðum. Samkvæmt upplýsingum frá Síldarminjasafninu á Siglufirði komu þó um 70 sænsk skip hingað til lands á ári þegar mest lét. Spurð um hvort Svíar hafi verið með umfangsmikla síldveiði á þessum tíma segir Bodil:

„Ef þú berð það saman við hversu marga fiskimenn og báta Íslendingar voru með til síldveiða þá voru Svíar með nánast ekkert. Samkvæmt tölum sem ég hef séð þá veiddu Íslendingar sjálfir 78 prósent af fiskinum á þessum tíma, Norðmenn veiddu 18 prósent en Svíar aðeins 1 prósent af öllum aflanum sem var veiddur áður en veiðin stoppaði um 1970. En fyrir Svíþjóð þá skipti þetta miklu máli. Auk þess að gera suma sjómennina mjög ríka þá gerði þetta það að verkum að niðursuðuiðnaðurinn óx mikið í Svíþjóð.“

*Bystu við því að Íslendingar muni hafa áhuga á þessari sögu og vilji sjá myndina?*

„Ég vona það. Ég er búin að bjóða fullt af fólki á myndina. Ég hef fengið svör frá fullt af fólki sem segist ætla að koma. Það er auðvitað sumar og margir í frii en ég hef mætt mjög góðum viðbrögðum.“

Silfur hafsins verður sýnd í Bíó Paradís í Reykjavík 28. júlí, á Síldarminjasafninu á Siglufirði 31. júlí og í Herðubreið á Seyðisfirði 2. ágúst. ■

Bodil við höfnina í Lysekil, sjávarpláss í Bohuslän norðan við Gautaborg.

MYND/GABRIEL BERTNSSON



Síldarævintýrið er ekki eitthvað sem er vel þekkt, talað um eða skrifað um í Svíþjóð.

MANIC PANIC N.Y.C.  
Hárskolin fást hjá okkur

HOKUS POKUS

www.hokuspokus.is  
Verslun og vefverslun  
Laugavegi 69 S. 551-7955

## Spila alltaf eitt norrænt verk

arnartomas@frettabladid.is

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar stendur fyrir tónleikaröð á þriðjudegskvöldum í sumar.

Í kvöld verða það sellóleikarinn Steiney Sigurðardóttir og fiðuleikarinn Vera Pantich sem mynda dúóid Dúó Edda sem leika fyrir gesti.

Á efnisskrá kvöldsins eru verk eftir Reinhold Gliere, Maurice Ravel og Johan Halvorsen.

„Við reynum að hafa alltaf eitt norrænt verk á tónleikum, það er skemmtilegra,“ segir Steiney. „Við erum búin að vera að spila bæði íslensk og dönsk verk, enda ólumst við upp í Danmörku, svo það er gaman að hafa eitthvað frá okkar heimalandi.“

Steiney og Vera eru báðar hluti af Sinfóníuhljómsveit Íslands en



Steiney og Vera mynduðu dúóid vorið 2020.

MYND/ADSEND

mynduðu dúóid um vorið 2020. Þrátt fyrir að árferðið hafi verið slæmt fyrir hljómsveitir hafa þær síðan þá haldið fjölda tónleika á Íslandi og í Danmörku og hrepptu þriðja sæti í Kammermúsíkkeppni dönsku útvarpsstöðvarinnar P2.

„Við áttum að vera með svaka stóra tónleika í Hörpu síðastliðinn janúar sem við náðum að halda í maí sem var alveg sérstaklega ánægjulegt eftir að hafa þurft að fresta þeim svona oft,“ segir Steiney. „Við erum svo búin að vera að taka upp tónlistarmyndbönd í Hörpu í samstarfi við Reykjavík Recording Orchestra.“


Sumartónleikaröð listasafnsins er rötgróin hefð sem hefur nú vaknað til lífsins eftir tveggja ára dvala. Tónleikarnir í kvöld hefjast klukkan 20.30 og miðasala fer fram við innganginn. ■



EINFALT OG ÞÆGILEGT

# Pantaðu lyfin á lyfjaval.is

Veldu að sækja í næsta apótek  
eða fáðu sent heim.



[www.lyfjaval.is](http://www.lyfjaval.is)

**Lyfjaval**   
HEILSA & HAMINGJA

Bílaapótek Hæðasmára  
Bílaapótek Vesturlandsvegi  
Glæsibæ  
Urðarhvarfi  
Mjódd  
Apótek Suðurnesja





Jennifer Lopez á frumsýningu rómantísku gamanmyndarinnar, *Marry me*, sem var aldeilis fyrirboði um það sem koma skyldi. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Saga Ben og J-Lo líkust ástarsögu af hvíta tjaldinu

Fréttirnar líkjast helst ástarsögum hvíta tjaldsins þessa dagana, þegar eitt frægasta par Hollywood hefur gengið í hjónaband tuttugu árum eftir að það hittist fyrst. Jennifer Lopez og Ben Affleck tóku saman í fyrra eftir sautján ára aðskilnað. Þau bættu svo um betur og giftu sig um nýliðna helgi.

ninarichter@frettabladid.is

Giftingin fór fram í Las Vegas og eins og síður er vestra tók Jennifer Lopez upp nafn eiginmannsins og ber í dag nafnið Jennifer Lynn Affleck.

„Í gærkvöldi flugum við til Vegas, stóðum í bíðröð eftir leyfi með fjórum öðrum þörum sem lagt höfðu í sömu ferðina til brúðkaups-höfuðborgarinnar,” skrifaði Lopez. „Við rétt náðum að litlu hvítu brúðkaupskapellunni um miðnætti. Þeir voru svo vinsamlegir að halda opnu nokkrum mínútum lengur og leyfðu okkur að taka myndir í bleika kádiljáknum,” skrifar Jennifer á Instagram-síðu sinni.

Lopez skrifaði að hún hefði klæðst kjól úr gamalli kvikmynd og Affleck hefði skellt sér í gamlan jakka sem hann átti til í skápnum.

„Við lásum heitin okkar í litlu kapellunni og gáfum hvort öðru hringana sem við munum bera það sem eftir er ævinnar,” skrifaði hún. „Á endanum var þetta besta mögulega brúðkaup sem við gátum ímyndað okkur.“

Jennifer og Ben, eða Bennifer eins og gárungarnir kalla þau, hittust fyrst á tókustað kvikmyndarinnar *Gigli* árið 2002. Myndin kom út ári

seinna. Á þeim tíma var Jennifer gift leikaranum Cris Judd og var það annað hjónaband leik- og söngkonunnar. Cris og Jennifer giftu sig árið 2001 og voru saman í níu mánuði eftir það.

Jennifer og Ben trúlofuðu sig fyrst í nóvember 2002 en heimildir bandaríska tímaritsins *People* herma að hún hafi skilið formlega við Cris Judd árið 2003.

Lífið undir linsu slúðurpressunnar var ekki dans á rósum. Leikaraparið var hundelt að því marki að það rataði í tónlistarmyndbönd söngkonunnar, til að mynda myndbandið við lagið *Jenny from the Block*, þar sem Ben og Jennifer sjást á flötta undan ljósmyndurum.

„Við vorum ekki að reyna að koma sambandinu í sviðsljósið, heldur vorum við einfaldlega saman á þeim tíma sem slúðurpressan var að fæðast og álagið var bara gríðarlegt,” sagði Jennifer í samtali við *People* tímaritið árið 2016.

Í september 2003 tilkynnti parið um frestun á fyrirhuguðu brúðkaupi með fjögurra daga fyrirvara og sagði ástæðuna að baki þeirri ákvörðun áreiti af hálfu fjölmiðla. Í yfirlýsingunni sögðust þau hafa íhugað að ráða þrjár mismunandi blekkingarbrúðir á þremur mismunandi stöðum, til að villa um fyrir ljósmyndurum. „Okkur leið eins og það, sem átti að vera skemmtilegur og helgur dagur, hefði verið eyðilaggt fyrir okkur, fjölskyldum okkar og vinum.“

Parið sleit sambandinu í janúar 2004. Í júní 2004 giftist Lopez söngvaranum Marc Anthony, sem þá var nýskilinn við Danyöru Torres, sem krýnd var ungfrú heimur



Parið á Óskarsverðlaunahátíðinni í mars 2003. Sama ár sögðu fjölmiðlar frá því að lögreglan í Norður-Karólínu hefði gefið út handtökuskipun á hendur Affleck vegna morðhótana í garð Töru Ray, en Ray sagðist hafa átt í leynilegu ástarsambandi við leikarann. Affleck neitaði sök og sagði ljósmyndir blaðasnápa staðfesta sakleysi sitt í málinu.



Parið mætti með stæl á kvikmyndahátíðina í Fenejum í september í fyrra.



Parið í gönguferð í Los Angeles nokkrum dögum áður en þau kynntu um trúlofun sína í apríl.

árið 1993. Marc Anthony og Jennifer Lopez eignuðust saman tvíbura árið 2008. Þau skildu árið 2011, eftir sjö ára hjónaband.

Ben Affleck tók saman við leikkonuna Jennifer Garner árið 2004. Þau giftu sig í júní 2005 og eignuðust þrjú börn. Þau skildu árið 2015.

Í fyrra hófu Jennifer Lopez og Ben Affleck að stinga aftur saman nefjum, aðdáendum og slúðurpressunni til mikillar undrunar og gleði.

Í júlí í fyrra staðfesti parið sambandið á Instagram, í kringum 52 ára afmælisdag Ben Affleck. Þar birtu þau myndir af sér saman á sundfötum í bátsferðum og lokamyndin í myndaseríunni var kossamynd af parinu.

Þau trúlofuðu saman á rauða dregilinn í september sama ár og hafa síðan mætt saman á fjölda frumsýninga og viðburða.

Þau trúlofuðu sig síðan aftur í apríl. Brúðkaupsins var ekki langt að biða, sem fór fram við látlausa athöfn í Las Vegas á laugar-dag. ■

Á frumsýningu *The Tender Bar* í Los Angeles í desember.

## Danir elta Norðmenn í banni við ómerktri bjagaðri fegurð

ninarichter@frettabladid.is

Viðskiptaráðherra Dana, Simon Kollerup, hyggst herða lög um myndbirtingar á samfélagsmiðlum, í því skyni að vernda gedheilsu notenda gegn óraunhæfum samanturðum við unnar ljósmyndir af líkömum áhrifavalda og fyrirsæta í auglýsingum.

Nýtt frumvarp miðar að því að skylda auglýsendur til að tilgreina hvort um breyttar myndir sé að ræða. Með því væri reynt að afletta pressu sem rannsóknir benda til að notendur, og sérstaklega börn, upplifi þegar kemur að óraunhæfum

líkamsmýndarstöðlum, sem hafa neikvæð áhrif á sjálfsmynd. Reglurnar myndu ná til allra auglýsenda, í öllum tegundum miðlunar.

Dönsku mannréttindasamtökin Børns Vilkår fagna frumvarpinu og ítreka mikilvægi þess að vinna áhrifavalda falli undir reglurnar.

„Áhrifavalda eru fyrirmyndir og þar af leiðandi er gríðarlega mikilvægt að fyrir liggja lagabókstafur þar sem mörkin eru skýr milli þess sem er breytt og þess sem er raunveruleikinn.“

Dæmi um algengar breytingar á myndum er myndvinnsla sem miðar að því að gera fyrirsætur

grennri, breyta líkamshlutföllum, andlitsfalli, sérkennum, hrukkum, áferð húðar og línunum í andliti ásamt fleiru.

Rannsókn Børns Vilkår bendir til að 38 prósent stúlkna í niunda bekk breyti ljósmyndum af sjálfum sér áður en þær eru birtar á samfélagsmiðlum.

Þann 1. júlí gengu sambærileg lög í gildi í Noregi sem banna myndbirtingar auglýsenda af þessu tagi án þess að ritað sé „fegurð ljósmynd“ og brot varða sektum. Danir hyggjast fara sömu leið og í alvarlegum tilfellum skuli brotin varða fangelsisvist. ■



Danir vilja koma böndum á myndbreytta líkama á auglýsingaljósmýndum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY





**CELSIUS**  
ENERGY



# FRAMTÍÐIN Í ORKUDRYKKJUM

SYKURLAUS  
6 NAUÐSYNLEG VÍTAMÍN  
100% VEGAN  
114 MG KOFFÍN

**nettó**





## SUMARÚTSALA BETRA BAKS


ALLT AÐ **60%**  
AFSLÁTTUR



**20%**  
AF STILLAN-  
LÉGUM RÚMUM



**20%**  
AF SÆNGUM  
OG KODDUM



**60%**  
AFSLÁTTUR

**EXCLUSIVE TOPPER**  
Gæsadúnn. 90 x 200 cm.  
Verð: 30.900 kr.

Nú 12.360 kr.

Einnig til í: 160x200 og 180 x 200 cm.

Verð og vörupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur.



VEFVERSLUN  
[www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
OPIN ALLAN SÓLARHRINGINN

FAXAFENI 5  
Reykjavík  
588 8477

DALSBRAUT 1  
Akureyri  
588 1100

SKEIDI 1  
Ísafirði  
456 4566

**Betra  
BAK**



Fyrirsætan og dóttir strandvarðarins Davids Hasselhoff, Hayley Hasselhoff, fór á kostum á sundtískuvikunni.



Þessi flegni hvíti sundbolur var til sýnis á tiskusýningu Cupshe-sundfatarisans í Miami í Flórída um helgina.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Litagleði, leikur og léttur klæðnaður á sundtískuviku



Bleikur er einn af tiskulitunum í ár.



Þessi sundbolur er hár upp á síðu og fleginn niður á bringu og vafalaust sniðug flik í hitabylgju.

Cupshe-tiskusýningin fór fram á dögunum á Paraiso Miami Beach sundfataravikunni sem haldin er árlega.

ninarichter@frettabladid.is

Á sundfataravikunni koma saman leiðandi hönnuðir og áhrifafólk í heimi sundtískunnar og kynna nýjar vörulínur fyrir árið 2023 og sækja þess á milli sumarlegar strandveislur.

Sundfataravikan stendur yfir í fjóra daga og á dagskránni má finna 45 viðburði af öllum toga.

Meðstofnandi sundfataravikunnar, Natalija Dedic Stojanovic, sagði í samtali við CBS news að reiknað væri með 30.000 gestum á viðburðinn og að uppbókað væri á hótél og veitingastaði á svæðinu.


Cupshe-fyrirtækið var stofnað árið 2015 af fyrrverandi forstjóra Alibabavefverslunarinnar, David Wei, og miðaði í upphafi að framleiðslu á ódýrari sundfatnaði sem seldur var í gegnum vefverslanir á borð við Amazon og ekki síst í gegnum stærkar söluherferðir með áhrifavöldum á Instagram og YouTube. Áætlaður hagnaður á þessu ári hljóðar upp á 250 milljónir Bandaríkjadala.

Fjöldi fyrirsæta gekk pall-

ana og þar á meðal var fyrirsætan Hayley Hasselhoff, dóttir Davids Hasselhoff, sem fór fyrir Strandvörðunum í samnefndum þáttum.

Á sýningunni var sýnt frá vorlínu ársins 2023 sem unnin var í samvinnu við fyrirsætuna Tabriu Majors og áhrifavaldinn Jojo Fletcher. ■


Flikur með útskornum köflum, svokölluð „cut-out“ tíska hefur skilað sér í sundtískuna.



Lime-grænn í öllum sínum myndum heldur áfram að vera í tisku og er hér í mildum og ljósum tóni.

AUGLÝSINGAÐEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI: Guðmundur Örn Jóhannsson [guðmundur@torg.is](mailto:guðmundur@torg.is), ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050: Andrés Bertelsen [andres@frettabladid.is](mailto:andres@frettabladid.is), Auður Húnfjörð [audur@frettabladid.is](mailto:audur@frettabladid.is), Reynir Elís Þorvaldsson [reynir@frettabladid.is](mailto:reynir@frettabladid.is), Örn Geirsson [orn@frettabladid.is](mailto:orn@frettabladid.is), FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078: Arnar Magnússon [arnarm@frettabladid.is](mailto:arnarm@frettabladid.is), Jóhann Waage [johannwaage@frettabladid.is](mailto:johannwaage@frettabladid.is), Jón Ívar Vilhelmsson [jonivar@frettabladid.is](mailto:jonivar@frettabladid.is), Ruth Bergsdóttir [ruth@frettabladid.is](mailto:ruth@frettabladid.is), FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elin Albertsdóttir [elin@frettabladid.is](mailto:elin@frettabladid.is), RADAUGLÝSINGAR / FASTEIGNIR SÍMI 550 5056: Hrannar Helgason [hrannar@frettabladid.is](mailto:hrannar@frettabladid.is), TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055: Arna Rut Kristinsdóttir [arnarut@frettabladid.is](mailto:arnarut@frettabladid.is)





ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ

# Í DAG ER ÞRIÐJUDAGUR

MIDSTÆRÐ AF PIZZU MEÐ ÞREMUR  
ÁLEGGSTEGUNDUM Á 1.100 KR. EF ÞÚ SÆKIR

DOMINOS.IS | DOMINO'S APP | 58 12345





## Bakþankar



Péturs Georgs  
Markan

## Karlmenn sem myrða fjölda

Enn einn ungur karlmaður ákvað að hlaða ríffil og ganga af göflunum í verslunarmiðstöð. Sturlaður af reiði og minnimáttarkennd. Upplifir sig sjálfsagt sigraðan af heiminum – hefur engu að tapa.

Það er ekki auðvelt að segja enn einn ungur karlmaður. En nánast engir aðrir sturlast svona. Gangu inn í almannarými, skóla eða hvaða stað sem safnar fólki í blóma lífsins saman og myrða það. Í Kaupmannahöfn voru þetta meðal annars tvö sautján ára ungmenni. Þau áttu öll ævintýri lífsins eftir.

Við höfum lengi vitað að karlmennskan getur verið eitruð, ofbeldisfull og stundum jafnvel banvæn. En þessi félagslega tapaði og einangraði karlmaður sem ákveður að fórnarkostnaður hans eigin félagsþrots sé allt bjart líf sem á vegi hans verður virðist vera ein stærsta áskorun samfélaganna.

Aukið lýðræði, opnara samfélag og meiri mennta voru einkunnarorð Norðmanna í þeirra kolbrýndu martröð. Getur verið að það séu einmitt gildin sem einangra þessa menn? Getur verið að mennskara og jafnara samfélag sem menntar alla, virðir og samþykkir, hafi ýtt hópi karlmanna út á jadarinn og aftengt áður sjálfgefin forréttindi þeirra? Á jadrinum finna þeir svör í öfgum pólitíkur, kynræðis, þjóðernis og trúar svo eitthvað sé nefnt. Máské geymum við hugmyndir um að þessir karlmenn tilheyri forréttindastétt sem enga aðstoð þurfi eða umfram athygli.

Kanadískur sálfræðingur einblínir á unga afskipta karlmenn og fær aðdáun þeirra og heimsathygli. Kannski þyrftum við líka að gera það í meira mæli en með einkunnarorð Norðmanna að leidarljósi. Stíga sálfræðinginn út. ■

## STILLANLEG HJÓNARÚM MEÐ BODYPRINT DÝNU



GERIÐ GÆÐA- OG VERÐSAMANBURÐ




**FRÍTT  
 KAFFI**  
 ALLAN HRINGINN



WWW.SVEFN OG HEILSA.IS

### VERSLANIR:

ENGJATEIGI 17-19,  
 REYKJAVÍK  
 S: 581 2233



BALDURSNESI 6,  
 AKUREYRI  
 S: 461 1150



### ÓPIÐ:

VIRKA DAGA.....KL. 10:00 - 18:00  
 LAUGARDAGA.....KL. 12:00 - 16:00

### UMBOÐSAÐILAR:

HÚSGAGNAVAL, HÖFN Í HF.  
 BARA SNILLD, EGILSSTAÐIR